

Heit og ljúffeng



PIZZA

HAFNARBORG
Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 12. október 2005 • 41. tbl. • 22. árg.



Suðurtanga verði þrískipt

Fram eru komin drög að rammaskipulagi fyrir hafnar-svæðið á Ísafirði sem unnið hefur verið að síðustu mánuði. Í drögunum er gert ráð fyrir að Suðurtanga verði skipt nokkurn veginn í þrennt, á honum austanverðum verði skipulagt svæði fyrir iðnað og hafnarsækna starfsemi, á vestanverðum tanganum verði íbúðabyggt og í skeifu þar á milli er gert ráð fyrir háskóla og háskólagörðum. Guðni Geir

Jóhannesson er formaður starfshóps sem skipaður var í fyrra til að vinna að þessum málum.

„Þetta svæði hefur verið hálf gert olnbogabarn og sett fremur óskemmtilegan svip á Eyrina“, segir Guðni. „Ef þessar hugmyndir ganga eftir verður þetta mjög fallegt svæði sem gerir bæjarbúnaðina alla skemmtilegri. Það er verið að skipuleggja til langrar framtíðar, en ég tel þó að

þessar hugmyndir séu alls ekki óraunhæfar.“

Hugmyndirnar hafa verið kynntar fyrir bæjarfulltrúum og fara fljótlega til umsagnar umhverfisnefndar og hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar áður en málið verður tekið fyrir í bæjarráði. „Það hafa komið fram einhverjar athugasemdir en ekki miklar“, segir Guðni.

„Að mínu mati hefur þessi vinna heppnast mjög vel og mér finnst þetta skemmti-

legar og metnaðarfullar hugmyndir til framtíðar. Þarna er kominn ákveðin heildarmynd á svæðið og var að sjálfsögðu tekið tillit til hugmynda sem komu fram á íbúðapingi sem haldið var á Ísafirði í fyrra. En þetta eru ennþá hugmyndir, þetta á eftir að fara í gegnum síu nefnda og hagsmunaaðila á svæðinu.“

Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir húsnæði Skipanausts nema að hluta. Vélasalur,

verkstæði og skrifstofur hverfa af kortinu, en gert er ráð fyrir því að naustið sjálft verði áfram. „Einhverjir hafa séð það fyrir sér sem viðgerðarpláss fyrir skútur og slíkt, en ekki er gert ráð fyrir skipasmíðastöð í núverandi mynd“, segir Guðni Geir.

Hugmyndirnar verða fljótlega kynntar fyrir atvinnurekendum og annarra sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu
– halfdan@bb.is

Kostnaður vegna hönnunar meiri en stefnt var að í upphafi

Útlit er fyrir að kostnaður Ísafjarðarbæjar vegna hönnunar rammaskipulags fyrir hafnar-svæðið á Ísafirði verði nokkru hærri en stefnt var að í upphafi. Aðspurður um málið segir Guðni Geir Jóhannesson, formaður

starfshóps um skipulag svæðisins, að líklega verði kostnaðurinn nokkur hundrad þúsund krónum hærri en að var stefnt, en segist enga tölu geta nefnt í því sambandi.

Í nóvember í fyrra var Ólaf Guðný Valdimarsdóttir arkitekt

beðin um að skila kostnaðaráætlun vegna hönnunarinnar til starfshópsins sem hún og gerði. Guðni Geir segir vinnuna hafa tekið lengri tíma en upphaflega var talið og því hafi kostnaður aukist.

„Við vildum vanda vel til

verksins og gefa arkitektinum svigrúm til að móta tillögurnar á grundvelli þeirra hugmynda sem fram komu á íbúðapingi. Þessa dagana standa yfir samningaviðræður við arkitektinn og er bæjarstjóri að ræða við hann um lok verks-

ins. Eftir á að taka tillit til þeirra athugasemda sem menn hafa fram að færa við hugmyndirnar, en ég býst ekki við að þær verði margar“, segir Guðni Geir.

– halfdan@bb.is



Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Samkaup úrval

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörudröngum og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfmanna og hlífðara að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

EIMSKIP

Hönguflöt 2 • 104 Reykjavík • Sími 535 1000 • Fax 535 1006 • www.eimskip.is

SKG veitingar taka við matarþjónustu Hlífar



Sölu á mat frá eldhúsi Fjórðungssjúkrahúss Ísafjarðar til Hlífar, íbúða aldraða var hætt þann 1. október í kjölfar samnings Ísafjarðarbæjar við SKG veitingar. Eru nú máltíðir færðir frá mótuneyti í Grunnskólanum á Ísafirði til Hlífar. Í febrúar sagði Ísafjarðarbær upp samningi milli þjónustudeildar Hlífar og Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ á sölu tilbúinna máltíða og hráefnis til kvöld- og morgunverðar frá 25. maí 2000.

Að því er fram kemur á heimasíðu Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ voru afgreiddir 20.310 matarskammtar á Hlíf á síðasta ári og var það aukning um 220 á milli ára.

– thelma@bb.is

Glímuæfingar 10-12 ára barna að hefjast á Ísafirði

Glímuþróttin hefur átt vaxandi fylgi að fagna meðal Vestfirðinga að undanförmu og segir Hermann Níelsson glímukennari að þróttin hafi skotið rótum á Ísafirði. „Hún er komin til að vera“, segir Hermann. „Nú eru hafnar

æfingar 10-12 ára barna í íþróttahúsinu á Torfnesi. Mér til aðstoðar á þeim æfingum verða átta drengir sem hafa verið í sérstökum glímuáfanga við Menntaskólann á Ísafirði. Þeir munu fljótlega þreya próf og verða þar með löggildir

glímuþjálfarar yngri flokka“, segir Hermann.

Æfingarnar fara fram á miðvikudögum frá kl. 15.40 til 17.00 og á föstudögum frá kl. 14.20 til 15.40.

– halfdan@bb.is



Núverandi Bösendorfer-flygill í Hömrum.

Rausnarlegt framlag frá Jónassonum til flygilkaupa

Tónlistarskóla Ísafjarðar barst nýlega rausnarleg gjöf í

flygilsjóð frá bræðrunum Tómasi Árna, Ingvari og Gunnlaugi Jónassonum. Var þar um að ræða arð af flutningi tónverka föður þeirra, Jónasar Tómassonar, (1881- 1967) bóksala og organista. Jónas var sannkallaður brautryjandi í tónlistarlífi Ísfirðinga og átti m.a. frumkvæðið að stofnun Tónlistarskóla Ísafjarðar og Tónlistarfélagsins. Þá stofnaði hann Sunnukórinn og stjórnaði honum í áratugi.

Margar tónsmíðar Jónasar hafa náð talsverðum vinsældum og ber þar líklega einna hæst sálminn undurfagra Ó faðir gjör mig lítið ljós við texta Matthíasar Jochums-

sonar, en hann er enn sunginn af fermingarbörnum við allar fermingar í Ísafjarðarkirkju. Stærsta verk Jónasar var Strengleikar sem síðast var flutt í Ísafjarðarkirkju á páskum 2004 af kór, einsöngvörum og sinfóníuhljómsveit. Bösendorfer-flygillinn sem stendur í Hömrum og ereign Tónlistarfélags Ísafjarðar hefur dyggilega þjónað hlutverki sínu sem tónleikaflygill í meira en 40 ár. Nú er kominn tími til að endurnýja hann og framundan er átak í fjársöfnun til flygilkaupa. Rausnarleg gjöf sona Jónasar Tómassonar er kærkomið framlag í þann sjóð.

– halfdan@bb.is

Þýskubíllinn heim-sækir ísfirsk börn

Þýskubíllinn heimsótti grunnskólanemendur á Ísafirði í síðustu viku en um er að ræða verkefni á vegum hugvísindadeildar Háskóla Íslands til að vekja athygli á þýska tungumálinu og menningu. Starfsmaður verkefnisins Kristian Wiegand ferðast um á Þýskubílnum umhverfis landið og leyfir krökkum að spreya sig á knattspyrnuþrautum og gefur þeim um leið örnámskeið í þýskum orðum sem tengjast knattspyrnu.

Verkefnið er unnið í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu

sem haldið verður í Þýskalandi á næsta ári. Þýskubíllinn er samstarfsverkefni þýska sendiráðsins á Íslandi, Félags þýskukennara, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskóla Íslands. Bíllinn sjálfur er sportjeppi af gerðinni Porsche Cayenne og mun aka um Ísland með upplýsingar um heimsmeistaramótið sem haldið verður í 12 borgum í Þýskalandi.

Áætlað er að þýskubíllinn fari í þrjár hringferðir um landið árin 2005-2006 og stendur sú fyrsta nú yfir.

– thelma@bb.is

Ræða danskar bækur og málefni líðandi stundar í Danmörku



Stofnaður hefur verið bókaklúbbur dönskuáhugamanna á Ísafirði og hélt klúbburinn sinn þriðja fund á kaffihúsinu Langa Manga í gærkvöldi. Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir, ein klúbbfélaga, segir félagið hafa verið stofnað fyrst og fremst vegna dönskuáhuga þeirra sem í klúbbnum eru, sem auk Helgu eru þar Arnþrúður Gísladóttir, Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir, Hildur Dagbjört Arnardóttir, Kristjana Prastardóttir, Ólöf Dröfn Sigurbjörnsdóttir og

Arndís Björnsdóttir dönsukennari.

„Arndís lætur okkur fá danskar bækur og svo hittumst við á tveggja vikna fresti og tölum um bækurnar, horfum á danskar kvikmyndir og ræðum málefni líðandi stundar í Danmörku og áhugaverða danska skóla“, segir Helga. Hún tekur fram að þó að í klúbbnum séu nemendur og kennari í Menntaskólanum á Ísafirði tengist starfsemin ekki skólanum.

– halfdan@bb.is

bb.is



Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa

Héðins Kristinssonar
bítfrelðastjóra, Heiðarbraut 2, Hnífsdal

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði og félaga í Kiwanisklúbbnum Básun, Ísafirði.

Pórdís Þorleifsdóttir
börn, tengdabörn, afabörn og langafabörn.

Heyrir þú illa?

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði föstudaginn 14. október við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja.

Tímarpantanir í síma 568 6880.

Í boði eru margar gerðir og verðflokkar af hágæða heyrnartækjum.



Stuttur afgreiðslutími - Persónuleg þjónusta



Heyrnartækni

www.heyrnartækni.is

Glæsibær | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880

„Treysti því að Vegagerðin telji þennan jarðgangakost óhagkvæman“

Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segist vonast til þess að athuganir Vegagerðarinnar leiði það í ljós að kostur sá sem ríkisstjórnin telur vænlegan við jarðgangagerð í Óshlíð sé óhagkvæmur og hagkvæmara verði að gera jarðgöng í einum áfanga til þess að losna við þann hættulega farartálma sem Óshlíð er að hans mati. Guðni Geir hvatti á sínum tíma almenning til þess að rita nöfn sín undir undirskriftalista þar sem óskað var eftir jarðgöngum úr Syðridal í Vestfjarðagöng og sjálfur skrifaði hann undir listann. Hann segir ákvörðun ríkis-

stjórnarinnar í síðustu viku mjög gleðilegan áfanga í baráttu fyrir bættum samgöngum. Með samþykktinni sé viðurkennt að vegurinn um Óshlíð er ekki boðlegur kostur.

„Það eru ákaflega gleðileg tímamót þegar þessi viðurkenning liggur fyrir og ekki síður sú viðurkenning að þarna sé um bráðavanda að ræða sem verði að bregðast hart við án þess að það hafi áhrif á aðrar framkvæmdir í samgöngumálum“, segir Guðni.

Aðspurður hvort að hann telji þá lausn sem nú er rædd boðlega í ljósi þess að hann studdi áður nefnda undirskriftarsöfnun segir Guðni

Geir mjög mikilvægt að sem nákvæmestar rannsóknir fari fram á þeim kostum sem eru í stöðunni en ekki verði hlaupið til ótímabærra verka. „Mér virðast litlar rannsóknir hafa farið fram á þeim kostum sem nefndir eru þegar rætt er um áfangaskiptingu framkvæmda í Óshlíð. Ég get ekki með nokkru móti ímyndað mér að hagkvæmt verði að leggja í gerð þriggja ganga til þess að tryggja boðlegar samgöngur á milli staða. Við megum aldrei gleyma því að hagkvæmni verður að snúast um fleira en krónur og aura. Þar verður öryggi íbúa að vega mjög þungt og því miður sé ég ekki

að þessi kostur sem nú er nefndur geti talist hagkvæmur. Ég trúi því og treysti að rannsóknir Vegagerðarinnar muni leiða það í ljós. Í mínum huga er hagkvæmasti kosturinn að leysa öryggismál í samgöngum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar í einu lagi með einum göngum. Aukið samstarf sveitarfélaga og auknar kröfur til þjónustu gera það að verkum að samgöngur verða að vera boðlegar á milli staða hér um slóðir. Það á líka við um samgöngur milli Ísafjarðar og Súðavíkur“, segir Guðni Geir.

– hj@bb.is

Hald lagt á áfengi í fórum unglinga á Ísafirði

Lögreglan lagði hald á nokkurt magn áfengis sem hún fann við leit í fólksbifreið á Ísafirði á föstudag en hvorki ökumaður né farþegar reyndust hafa aldur til að kaupa eða hafa undir höndum slíkar veigar. Einn farþeganna, 18 ára ungmenni, sagðist eiga áfengið. Aðfarnótt laugardags lagði lögreglan hald á enn meira áfengi í fórum 17 ára ungmennis á Ísafirði. Áfengið var í bifreið unglingsins.

Aðfarnótt sunnudags hafði lögreglan afskipti af 17 ára

ungmenni sem var að vinna sem dyravörður á vínveitingahúsi á Ísafirði. Lögreglan gerði forsvarsmanni veitingahússins grein fyrir því að ekki mætti ráða til starfa aðila sem ekki hafi aldur til að dvelja eftir kl. 20 sem gestur á vínveitingahúsi. Ungmenninu var vísað út af veitingastaðnum. Fram kemur í bókum lögreglunnar að málið er lítið alvarlegum augum og er til frekari rannsóknar.

Aðfarnótt sunnudags var lögreglunni tilkynnt um að tjón hafi verið unnið á Audi

fólksbifreið, sem stóð mannlauis í vegkanti á Hnífsdalsvegi. Rúður höfðu verið brotnar í bifreiðinni og hún rispuð. Lögreglan biður alla þá sem einhverja vitneskju hafa um verknaðinn að hafa samband í síma 456-4222.

Í síðustu viku gerði lögreglan tveimur öku mönnum að hætta akstri bifreiða þar sem öndunarsýni þeirra gaf til kynna að of stuttur tími hafi liðið frá áfengisneyslu þar til þeir hófu aksturinn. Ekki var þó talin ástæða til að taka blóðsýni til frekari alkóhólsrann-

sóknar. Lögreglan vill minna ökumenn á að gefa sér góðan tíma eftir að áfengisneyslu lýkur þar til þeir hefja akstur.

Sex öku menn voru kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði í liðinni viku. Við eftirlit lögreglunnar reyndust 27 ökutæki ekki hafa verið færð til lögbundinnar aðalskoðunar eða endurskoðunar að meðöldum þeim tveggja mánaða fresti sem gefinn er.

– thelma@bb.is

Bæjarstjórn ályktar um miðstöð innanlandsflugs



Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á fimmtudag var lögð fram tillaga að ályktun

um miðstöð innanlandsflugs. Í henni segir: „Bæjarstjórn áréttar mikilvægi þess að

miðstöð innanlandsflugs á Íslandi sé í Reykjavík. Miklir hagsmunir eru fólgnir í því að tryggja verði að landsmenn allir eigi greiðan aðgang að þeirri opinberu þjónustu sem byggð er upp í höfuðborg Íslands.“ Þá fylgir ályktuninni stutt greinargerð þar sem segir meðal annars:

„Undanfarin misseri hefur miklum fjárumunum verið varið til uppbyggingar flugaðstöðu í Ísafjarðarbæ. [...] Um leið og bæjarstjórn fagnar þessum áföngum í uppbyggingu samgöngumannvirkja á svæðinu telur hún nauðsynlegt að óvissu um framtíð flugvallar í Reykjavík verði eytt. Í ljósi þess að mikil umræða er nú um framtíð flugvallar í Vatnsmýri vill bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar undirstrika mikilvægi þess að miðstöð innanlandsflugs sé

áfram í Reykjavík. Bæjarstjórn vekur athygli á því að ein af skyldum höfuðborgar er að tryggja gott aðgengi allra landsmanna að þeirri þjónustu sem þar hefur verið byggð upp. [...] Fyrirsjáanlegt þykir að rekstrarlegum forsendum verði kippt undan innanlandsflugi komi til þess að flytja miðstöð þess til Keflavíkur með tilheyrandi kostnaði. Verði það niðurstaðan að flugvöllur í núverandi mynd hverfi, að hluta eða öllu leyti, úr Vatnsmýrinni er brýnt að miðstöð innanlandsflugs verði áfram innan marka höfuðborgarinnar og að almenn sátt ríki um staðsetningu hans.“

Sama kvöld og þessi ályktun var lögð fram voru stofnuð baráttusamtök í Reykjanesbæ fyrir því að miðstöð innan-



Skattstjórinn í Vestfirðum

Skattstjórinn í Vestfirðum auglýsir starf sérfræðings laust til umsóknar. Starfið felst í umsýslun með virðisaukaskatts- og staðgreiðsluskilum rekstraraðila og eftirliti með þeim.

Viðkomandi þarf að hafa góða bókhalds- og tölvuþekkingu, geta lesið lagatexta og vera vel rittær. Lögð er áhersla á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða fullt starf, en ráðið verður í starfið frá 15. nóvember 2005. Laun eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Skattstjóra Vestfirðum, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður. Umsóknarfrestur er til 23. október.

Nánari upplýsingar veitir skattstjóri í síma 450-3500.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Skattstjórinn í Vestfirðum
Hafnarstræti 1,
400 Ísafirði.



Auglýsing

Menningarráð Bolungarvíkurkaupstaðar auglýsir eftir umsóknum um styrki til menningarverkefna.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar við Aðalstræti 415 Bolungarvík, fyrir föstudaginn 21. október nk. merkt: Menningarráð / styrkur.

Grunnskólinn á Ísafirði

Staða myndmenntakennara (hlutastarf) er laust vegna veikindaforfalla.

Einnig er fullt starf skólaliða laust til umsóknar. Starf skólaliða felst einkum í gæslu, ræstingu og ýmiss konar aðstoð.

Upplýsingar gefa skólastjórnendur
Umsóknarfrestur um skólaliðastarfið er til 21. október.

Umsóknir skal senda til skólans.

Seldu rafmagnstæki án leyfis

Lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af tveimur erlendum mönnum sem voru með nýjan varning til sölu í fyrirtækjum á fimmtudag. Grunur lá á að þeir hefðu ekki verslunarleyfi til að selja varninginn, sem voru rafmagnstæki. Framvísuðu mennirnir löglegum pappír- um varðandi innflutning en þeim hafði láðst að afla sér leyfis viðkomandi yfirvalda.

Er talið að það hafi verið fyrir misskilning og að aðilarnir hafi ekki vitað að þörf væri á slíku leyfi. Mönnunum var sleppt samdægurs en að sögn lögreglunnar verður fylgst með þeim. Lögreglan biður fólk um að hafa varann á varðandi viðskipti við þá sem ekki eru með leyfi til sölu sem þessarar.

– thelma@bb.is

landsflugs verði flutt til Keflavíkur. Stofnfundur var fjölmennur og munu samtökin leggja áherslu á að kynna þennan valkost í hvívetna og vilja ná þjóðarsátt um málið. Á vef Ríkisútvarpsins kemur fram að Eysteinn Jónsson, einn fundarmanna, hafi sagt mikinn einhug hafa verið í mönnum á fundinum. Sagði hann að auki

að formenn félaga Samfylkingar, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á svæðinu stæðu saman í þessu máli. Á fundinum var kosin 8 manna stjórn sem hyggst kalla til liðs við sig óháða sérfræðinga til að gera athuganir á öllum þáttum málsins og koma niðurstöðunum fyrir dóm þjóðarinnar. – eirikur@bb.is

Tilboð 13. Okt. - 16. okt.

Samkaup úrval

Fáar tölulegar staðreyndir hafa litið dagsins ljós í umræðunni

Mikil umræða hefur farið fram í fjölmiðlum í kjölfar þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar í síðustu viku að fela Vegagerðinni að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga í Óshlíð. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar er miðað við að gerð verði um það bil 1.220 metra löng göng milli Einbúa og Hrafnakletta og er áætlaður kostnaður um 1.000 milljónir króna. Miklar deilur hafa sprottð upp síðustu daga í Bolungarvík vegna þessarar ákvörðunar og snúast þær helst um það hvort að nægilega langt sé gengið í öryggisátt með þessari ákvörðun og hvort stefna hefði átt að gerð lengri ganga í Óshlíð eða til dæmis gerð jarðganga úr Syðridal í Vestfjarðagöng. Sá kostur er nefndur í undirskriftarlista sem hrundið var af stað í febrúar og um 1.500 manns hafa skrifað undir.

Undirrótt ákvörðunar ríkisstjórnarinnar er sú hættu sem fyrir hendi er á Óshlíð og umræða í framhaldi af miklu grjóthruni úr Óshyrnu undanfarið. Fram að þessu hefur umræðan um Óshlíð farið fram á tilfinninganótum en fáar tölulegar staðreyndir hafa litið dagsins ljós í umræðunni. En hver er sú hættu sem bíður þeirra er um Óshlíð aka? Hver

verða áhrifin af byggingu þeirra ganga sem nú er rætt um? Hver er hættan í samannburði við aðra vegi í nágrenninu? Hér að neðan verður reynt að bregða tölulegu ljósi á þetta mál.

Hjá Vegagerðinni á Ísafirði hefur eðli málsins samkvæmt verið fylgst með snjóflóðum og skriðuföllum á vegum við Djúp. Tíðni og staðsetning snjóflóða hefur verið skráð í gagnagrunn hjá Vegagerðinni, um árabíl sáu Sveinbjörn Veturliðason vegaverkstjóri og Kristinn Jónsson rekstarstjóri um þá skráningu. Hvað grjóthrun varðar er skráningin ekki kerfisbundin eins og skráning snjóflóða því erfiðara er að meta breytingar eins og varðandi snjóflóðin.

Fram kom hjá Valdemar Lúðvík Gíslasyni sérleyfis-hafa, sem ekið hefur Óshlíðina oftast en flestir aðrir, að með gerð jarðganga milli Einbúa og Hrafnakletta losnuðu menn við um 95% af því grjóthruni sem á Óshlíðina félli. Gísli Eiríksson umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði vill ekki staðfesta þá tölu en tekur þó svo sterkt til orða að með lagningu jarðganga á umræddum stað sé sneitt hjá þeim stöðum sem stærstur hluti þess grjóthruns sem fellur á Ós-

hlíðina úr mikilli hæð og núverandi varnarvirki ráða ekki við. Gísli segir grjót falla úr Óshlíð mjög víða en varnarvirki taki í dag mikinn hluta þess grjóts sem fellur úr lítilli hæð. Úr Óshyrnu falli hins vegar björg úr mikilli hæð sem fá eða engin varnarvirki ráði við.

Á Óshlíð eru skráð 23 snjóflóðasvæði. Eins og áður sagði hafa snjóflóð verið skráð með skipulögðum hætti um langan tíma. Á undanföllum áratugum hefur verið með ýmsum hætti reynt að minnka hættu vegna þeirra. Reistir hafa verið vegskálar á nokkrum stöðum og ýmis mannvirki á öðrum stöðum. Vegskálarir hafa skilað bestum árangri og komið að mestu í veg fyrir að vegurinn lokist vegna flóða á þeim stöðum. Einnig hafa þeir varið vegfarendur fyrir grjóthruni. Önnur mannvirki hafa skilað nokkrum árangri.

Í skýrslu frá 2002 er sett upp tafla um fjölda snjóflóða á árunum 1991 til 2000 á hlíðunum frá Súðavík til Bolungarvíkur. Þetta var síðasti áratugur fyrir gerð skýrslunnar. Hins vegar verður að telja þetta tímabil raunhæft því á þessum tíma komu mjög snjóþung ár og einnig snjólétt ár. Tíðni snjóflóða, sem loka

veginum fyrir umferð er mjög misjöfn milli einstakra gílla, allt frá því að vera innan við eitt á ári miðað til tíu ára tímabil og í það að vera 2,9 á ári. Í heildina er fjöldi flóða sem loka umferð á Óshlíð 42,7 á ári. Með aðgerðum undanfarinna ára hefur hins vegar tekist að mati Gísla Eiríkssonar að lækka fjöldann í 26,3 á ári. Með áðurnefndum jarðgöngum er sneitt hjá 6 gíljum og því lækkar þessi fjöldi í 17,1 flóð á ári. Með jarðgöngunum losna vegfarendur við stærstan hluta grjóthruns á Óshlíð og riflegan þriðjung þeirra snjóflóða sem loka veginum.

Í umræðu undanfarið hafa Súðavíkurhlíð, Kirkjubólshlíð og Eyrarhlíð verið nefndar sem hættustaðir og sérstaklega hefur Eyrarhlíð verið nefnd þar sem um hana þurfa íbúar í Bolungarvík að aka verði niðurstaðan sú að í framtíðinni verði Óshlíð ekin. Á Eyrarhlíð eru skráð 6 snjóflóðagil. Þar féllu á sama tímabili 1,8 flóð á hverju ári sem lokuðu veginum. Með ráðstöfunum sem nú hefur verið gripið til á hlíðinni má ætla að tíðnin fari í 1 snjóflóð á ári. Á Kirkjubólshlíð er samsvarandi tíðni árána 1991-2000 úr 14 gíljum 3,1. Á Súðavíkurhlíð eru skráð

gil 22 talsins, tíðni snjóflóða þar var 56,2 flóð á ári.

Í skýrslunni frá 2002 var gerð tilraun til að bera saman áhættu af snjóflóðum á hlíðunum fjórum með tilliti til umferðar, því meiri umferð því meiri líkur á að einhver lendi í snjóflóði. Þetta er gert þannig að fjöldi snjóflóða er hlutfallður miðað við umferð á Óshlíð. Umferðin er langmest á Eyrarhlíð og minnst á Súðavíkurhlíð. Sem dæmi má taka að umferð á Óshlíð var 577 bílar á dag en á Súðavíkurhlíð 323 bílar á dag, tíðnin 56,2 á Súðavíkurhlíð er þá margfölduð með 350/624 og þá fæst samannburðartalan 31,5 flóð á ári, á sama hátt fyrir Kirkjubólshlíð fæst 2,1, fyrir Eyrarhlíð 5,3 og á Óshlíð áfram 42,7 flóð á ári. Eftir gerð jarðganga gæti talan verið 17,1

eins og áður er sagt. Með ráðstöfunum sem nú hefur verið gripið til á Eyrarhlíð má ætla að tíðnin fari í 3,06. Líkur á snjóflóði á Eyrarhlíð eru því einungis lítill hluti af líkum á Óshlíð. Þessi samannburðartíðni á Súðavíkurhlíð, 31,5, er talsvert hærri en núverandi tíðni um Óshlíð og um 84% hærri en tíðnin verður á Óshlíð eftir gerð þeirra jarðganga sem nú eru í umræðunni.

Eins og áður kom fram eru þessar tölur byggðar á skráningu Vegagerðarinnar og mati. Þessi samantekt er ætluð til þess að bregða tölulegu ljósi á tíðni flóða á áðurnefndum stöðum. Hér er ekki á neinn hátt verið að kveða uppúr með hvað hægt er að telja „ásættanlega“ áhættu þegar farið er á milli staða á Vestfjörðum.

– *hj@bb.is*



Bolungarvíkurkaupstaður

Skrifstofu- og fjármálastjóri

Laust er til umsóknar starf skrifstofu- og fjármálastjóra Bolungarvíkurkaupstaðar.

Starfslýsing

Yfirumsjón með daglegum rekstri skrifstofu.

Fjármálastjórn og yfirumsjón með bókhaldi sveitarfélagsins.

Eftirlit og samannburður við fjarhagsáætlanir.

Umsjón með gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga í samstarfi við bæjarstjóra og endurskoðendur.

Menntunar og hæfniskröfur

Viðskiptafræði / rekstrarfræði eða sambærileg menntun.

Góð bókhalds- og tölvuþekking ásamt reynslu af fjármálastjórn, bókhaldi, áætlanagerð og úrvinnslu gagna.

Þekking á bókhaldi sveitarfélaga og SFS bókhaldskerfi er kostur.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknum, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til bæjarstjóra, Aðalstræti 12. 415 Bolungarvík. í síðasta lagi 17. október 2005.

Nánari upplýsingar veitir Einar Pétursson bæjarstjóri í síma 450-7000



Ísafjarðarkirkja.

Grasrótarhópur frá Kjarnakonum SÁÁ stofnaður á Ísafirði

Kjarnakonur SÁÁ halda kynningarfund og ætla að stofna hóp af kjarnakonum á Ísafirði á laugardag. Á fundinum, sem fram fer í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju, mun Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir á sjúkrahúsinu Vogu halda fyrirlestur um meðvirkni og áhrif áfengisýki á fjölskyldur.

„Það kom ósk frá konum fyrir vestan um að stofnaður

yrði grasrótarhópur frá Kjarnakonum á svæðinu. Kjarnakonur hafa starfað á 4 ár á höfuðborgarsvæðinu og annar hópur er á Akureyri. Markmið starfseminnar er að styrkja konur í bata og aðstandur án fordóma og skammar. Miklir fordómar eru gagnvart sjúkdóminum sem stafa af þekkingarskort“, segir Þóra Jónsdóttir hjúkrunarkona á Vogu og forsvarsmaður

hópsins.

Kjarnakonur voru stofnaðar af konum sem eiga það sam-eiginlegt að hafa kynnst sjúkdómnum alkahólisma, konur sem eru óvirkir alkahólistar, makar, mæður og ömmur fíkla sem vilja styrkja hverja aðra og eyða fordómum.

„Konur eru oft lengur að leita sér hjálpar en karlmennt því þær lifa í skömm og hugsa til allra í kringum sig. Koma

þarf þeim skilaboðum á framfæri að vel er hægt að lifa góðu lífi án áfengis. Það er til leið út úr þessu þó hún sé ekki auðveld“, segir Þóra.

Fyrirlestur Þórarins Tyrfingssonar er öllum opin en að honum loknum verður haldinn kjarnakonufundur og verður nýr hópur stofnaður. Á þeim fundi verða bara konur.

– *thelma@bb.is*

ritstjórnargrein

Lávarðadeildin

„Mér finnst ríkisstjórn, framkvæmdavaldið, hafa sótt í sig veðrið og ég hef áður orðað það svo að ríkisstjórnin sé raunverulega eins og önnur deild Alþingis. Mál eru þar rædd. Þar eru atkvæðagreiðslur og mér sýnist að þingmenn sækist mjög eftir að komast í þessa nýju deild; ég veita ekki hvort ég ætti að kalla hana efri deild eða lávarðadeild, sem er þá valdameiri. Og vilji helst ekki fara þaðan þegar þeir á annað borð hafa tekið sæti í henni. Þeim finnst mörgum að pólitískur ferill þeirra hafi misheppnast komist þeir ekki í þessa deild.“

Lagaprófessorinn Sigurður Línal, sem svo komst að orði í viðtali við Fréttablaðið í sumar, á sér áreiðanlega marga skoðanabræður. Og hann er svo sem ekki fyrsti maðurinn sem lætur þá skoðun í ljósi að Alþingi gegni í vaxandi mæli hlutverki skrifstofu þar sem stimpill er settur á samþykktir ríkisstjórnar, formsins vegna. Þetta á við um flest mál vegna þess að öll lög og lagabreytingar er máli skipta koma frá ríkisstjórn, framkvæmdavaldinu. Gæluverkefni, eins og ríkisrekinn umboðsmaður hestsins, svo eitt af átakanlegri dæmum þar um sé tekið, þykja ekki umræðunnar virði á hinu háa Alþingi. Til viðburðar telst ef þingmannamál hljóta náð fyrir augum þingsins.

Valdaafsal þingsins til framkvæmdavaldsins er einkum talið byggjast á tvennu: Í fyrsta lagi flokkshollustu og í öðru lagi hefur það sýnt sig að múður þingmanna, sem ætla sér fram í pólitíkinni, er ekki talið vænlegt til fullnustu vonar um setu í lávarðadeildinni.

Enn sem komið er hefur verið heldur hljótt um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Fjölmíðlamálið kann að vera geymt en ekki gleymt. Því má búast við ágreiningu um „málskotsrétt“ forseta Íslands, sem vitað er að margir vilja á brott, en aðrir í að halda. Hvort orð fyrrverandi forseta, frú Vigdísar Finnbogadóttur, um að í þeim efnum megi ekki rasa um ráð fram, verði mönnum leiðarljós skal ósagt látið.

Hver sem niðurstaða endurskoðunar stjórnarskrárinnar verður er ljóst að skerpa verður skilin milli framkvæmda- og löggjafarvalds. Ein leið til þess er að þingmenn láti af þingmennsku meðan þeir sitja á ráðherrastóli. Það nær auðvitað engri átt að framkvæmdavaldið, ríkisstjórnin, ráði yfir nær sjötta hluta atkvæða löggjafans þegar kemur að afgreiðslu mála, sem runnin eru undan rifjum þessa sama valds. Ríkisstjórnun ber að sækja styrk sinn og stuðning við mál sín til Alþingis, ekki skipa því fyrir verkum.

Hugmyndir eru nú uppi um fækkun ráðuneyta. Gott mál. Mikilvægast af öllu er þó að styrkja stöðu Alþingis. Meðal leiða til þess er að skilja á milli þingsetu og ráðherraðóms. s.h.

orðrétt af netinu

Íslendingar drekka eins og svín

Hver er svo árangurinn af allri þessari forræðishyggju? Íslendingar drekka enn eins og svín enda ekki von til annars þegar áfengissopinn kostar hærra hlutfall af heildarútgjöldum landsmanna en dæmi eru um í hinum vestræna heimi, og því um að gera að nota tækifærið og detta rækilega í það. Reykingar eru litlu minni á Íslandi en t.d. í Danmörku þar sem tóbaksverð er helmingur þess á Íslandi og sýnileiki með eindæmum mikill í öllum verslunum.

Danir virðast einnig þola stanslaust flóð áfengisauðglýsinga fyrir bæði sterkt og létt vín án þess að falla um flöskuna í hverri búðarheimsókn. Þó má kaupa hvaða áfengi í hvaða búð sem er í Danmörku og unglingar allir niður í 16 ár geta keypt sér bjór án þess að þurfa búast við því að lögreglan dragi athyglina frá ofbeldisglæpum til að geta hellt niður hinum löglega neysluvarningi.

frjalshygga.is – Geir Ágústsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is.

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltaðóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is.

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson - Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X

„Margur heldur mig sig“

Yfirlýsing Félags framhalsskólakennara svarað



Ólína Þorvarðardóttir.

Á vefsíðu bb.is, sem og heimasíðu KÍ hefur verið birt yfirlýsing frá stjórn Félags framhalsskólakennara um málefni Ingibjargar Ingadóttur, kennara við Menntaskólann á Ísafirði. Yfirlýsingin, sem undirrituð er af Aðalheiði Steingrimsdóttur formanni FF, er í reynd ákærskjal gegn undirritaðri, í átta liðum. Ákærskjalið sem fullt er að feli í sér „hið rétta“ í málinu er ein samfelld ærumeiðing gegn opinberum embættismanni þar sem staðreyndum er snúið á hvolf og áróðursbrögðum, hálfannleika og hreinum ósannindum er blygð-unarlaust beitt – í þeim eina tilgangi, að því er virðist, að meiða og hafa æruna af skólameistara Menntaskólans á Ísafirði – þeim hinum sama og hér heldur á penna. Svo mjög er þar hallað réttu máli, að ekki verður lengur orða bundist.

Átýlla þeirra svívirðinga sem nú eru settar fram í nafni félagsins, enn eina ferðina, er frétt sem birtist á fréttavefnum bb.is þann 28. september. Um tilurð og heimildir fyrir þeirri umfjöllun vísa ég til yfirlýsingar blaðamannsins sjálfs sem birtist á sama vettvangi 6. október undir fyrisögninni *Af meintum heimildarmönnum*.

Mannfórinn

Undanfarna níu mánuði hefur Félag framhalsskólakennara með formann sinn í broddi fylkingar staðið fyrir „ofstopafullum atlögu“ að undirritaðri, svo notast sé við orðbragð sem formaður FF hefur sjálfur viðhaft í málflutningi sínum. Framganga Aðalheiðar Steingrimsdóttur hefur verið víðsfjarri „meðalhófi“ því sem lagt er til í stjórnsýslulögum og sífendurteknar ásakanir hennar og lögmanns félagsins um „eineltil“ og „ofsóknir“ skólameistara á hendur umræddum kennara hafa glumið um eyru og skorið í augu þeirra sem séð hafa og heyrð þá makalaus aðförs.

Málstaðurinn virðist löngu gleymdur, fagleg sjónarmið og málefnaleg rök eru víðsfjarri. Kennari við skólann, sem ekki þoldi að gerðar væru athuga-

semdir við störf hans, er nú nafnþekktur um allt land fyrir eigið tilstilli og Félags framhalsskólakennara. Ef marka má nýlegar blaðafregnir um heilsufar kennarans er hann líklega þrotinn að kröftum eftir að hafa verið borinn á spjótsoðum eigin stéttarfélags, í einkennilegri hagsmunabaráttu sem virðist snúast um eitthvað allt annað en faglegt skólastarf eða markmið framhalsskólalaga. Í þeim ófriði hefur undirrituð verið tjörguð á torgum úti sem *óvinurinn* og um leið vítið sem félagið stillir upp öðrum skólameisturum til víðvörunar. Kennaranum, *skjólstaðingi* félagsins, hefur hinsvegar verið fórnað, enda vandséð að hann muni bera sitt barr eftir það sem á undan er gengið.

Rangfærsluflóð

Átakanlegt er að sjá þá metnaðarlausu sýn sem forysta Félags framhalsskólakennara virðist hafa á hinn faglega þátt málsins og birtist í 6. grein yfirlýsingarinnar með svofelldum orðum: „Félagið bendir á að prófagerð og prófayfirferð er ekki alfullkomin fremur en önnur mannanna verk.“ Ég vil að minnsta kosti halda því fram að við Menntaskólann á Ísafirði sé stefnt til háleitari markmiðum en þarna koma fram. Sömuleiðis mót-mæli ég þeim orðum yfirlýsingarinnar að „könnun á yfirferð prófa í öðrum kennslugreinum við MÍ hefði að öllum líkindum gefið keimlíkar niðurstöður“ og hér eru til umræðu. Segi þó ekki meira um það mál að sinni.

Sný ég mér þá að ellefu rangfærslum sem koma fram í ákæruatriðunum átta sem sett hafa verið fram á heimasíðu KÍ.

1. Rangfærsla: „Engar efasemdir“ um upphaflega yfirferð

Því er haldið fram í yfirlýsingu FF að undirrituð hafi tekið yfirferð Ingibjargar á enskuprófum til endurskoðunar í desember 2004 „án þess að nokkur ágreiningur eða efasemdir um hana hefðu borist skólameistara“. Þetta er rangt og stjórn FF á að vita betur. Tilefni umræddrar endurskoðunar var að ritari skólans tók eftir óeðlilegri einkunna-dreifingu þegar verið var að færa einkunnir inn í tölvukerfi skólans. Enginn nemandi var með einkunn undir 8,0 en allflestir með einkunnina 9,0. Ritari vakti athygli námsráðgjafa á einkunnadreifingunni og niðurstaða þeirra var sú að vekja athygli skólameistara á þessu.

2. Rangfærsla: „Meintir ágallar“ tilefni áminningar

Gefið er í skyn að umræddir ágallar á yfirferð prófanna hafi

samstundis orðið tilefni áminningar. Þetta er rangt og stjórn FF á að vita betur. Prófin voru send óháðum umsagnaraðila sem staðfesti þær athugasemdir sem skólastjórnendur höfðu gert við vinnubrögð kennarans áður en kom til áminningar. Áminningin sjálf átti sér langan aðdraganda samskipta þar sem allt var gert til þess að leiða kennarann út úr þeim ógöngum sem hann – að undirlagi síns eigin stéttarfélags að því er virðist – var kominn í. Reynt var að ræða vinsamlega og persónulega við kennarann um málið, en án árangurs. Kennarinn neitaði að ræða málið við stjórnendur og knúði sjálfur fram hinn formlega farveg málsins. Andmælaréttur kennarans var á öllum stigum málsins virtur, sömuleiðis rannsóknarregla stjórnsýslulaga og meðalhófs gætt.

3. Rangfærsla: Sáttatillagan og túlkun hennar

Því er haldið fram að sáttatillaga sú sem samþykkt var í Héraðsdómi Vestfirðja í byrjun maí hafi falið í sér að Ingibjörg ítrekaði þau orð sín „að ef henni hafi að einhverju leyti orðið á í starfi bædist hún afsökunar á því“. Þetta er rangt og stjórn FF veit betur. Það orðalag sem vitnað er til kemur hvergi fram í dómsáttinni. Þar segir orðrétt: „Stefnandi, Ingibjörg Ingadóttir ítrekar afsökunarbeiðni sína sem fram kom á fundi um miðjan desember 2004. Stefndi ... samþykkir því að fella úr gildi áminningu 11. janúar 2005 að fenginni þessari yfirlýsingu stefnanda.“

Vert er að taka fram að Ingibjörg hafði þrívægis verið boðið að leysa málið friðsamlega og sættast áður en kom til málshöfðunar, en að áeggjan eigin stéttarfélags hélt hún málsókn sinni til streitu. Fram kom við réttarhaldið að skólameistari teldi það grundvallaratriði að kennarinn gerði sér ljóst að vinnubrögðin væru ekki ásættanleg. Dómsáttin byggði því á sáttavilja skólameistara og fyrirheiti starfsmannsins um yfirbót, en ekki því að skort hafi tilefni áminningar. Það, að Ingibjörg hafi „aldrei viðurkennt neitt brot í starfi og aldrei beðist afsökunar á slíku broti“, eins og nú er haldið fram, eru ný og alvarleg tíðindi sem stangast fullkomlega á við forsendur dómsáttarinnar.

4. Rangfærsla: Tilgangur áminningar

Formaður FF heldur því fram að hafi opinber starfsmaður raunverulega unnið til áminningar vegna frammi-stöðu í starfi sé augljóst að hann geti ekki afstýrt áminningu með því að biðjast afsökunar. Hér er vert að minna

formanninn á ákvæði stjórnsýslulaga um tilefni og tilgang áminningar.

Í 21. gr. laganna segir um tilefnið: „Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísu eða aðra vanrækslu, óhlyðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, van-kunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð full-nægjandi árangri í starfi ... skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.“

Í 44. gr. er forstöðumönnum ríkisstofnana ennfremur lögð sú skyld á herðar að veita starfsmanni áminningu hafi hann brotið gegn ákvæðum 21. gr. , en fyrst skal þó „gefa honum færi á að bæta ráð sitt...“

5. Rangfærsla: Að skólameistari hafi gerst prófdómari

Því er haldið fram að s.l. vor hafi verið gerð „atлага“ að Ingibjörgu Ingadóttur þegar „skólameistari ákvað aftur að gerast prófdómari og endurmeta yfirferð Ingibjargar á prófurlausnum í ensku-áföngum hennar“ eins og það er orðað. Þetta er rangt og formaður FF veit betur.

Í júní s.l. var Ingibjörgu gerð grein fyrir því að við reglubundna athugun á prófskilum og yfirferð prófa hefðu komið í ljós hnókrar á vinnubrögðum sem gæfu tilefni til þess að prófin yrðu send til óháðs umsagnaraðila. Málalyktir urðu þær að prófin voru send mats- og eftirlitsdeild menntamálaráðuneytisins, niðurstaðan liggur nú fyrir eins og frægt er orðið og hefur þegar orðið FF tilefni mikils málflutnings á opinberum vettvangi.

6. Rangfærsla: Að málið sé óupplýst

Í beinu framhaldi af ofan-sögðu er rétt að benda á, að það var Félag framhalsskólakennara, með formann sinn og löfgræðing í farar-broddi, sem brást ókvæða við þeirri fyrirætlan skólameistara að láta óháðan umsagnaraðila yfirfara enskuprófin s.l. vor. Upphóf FF nú mikið áróðursstrið til þess að *hindra* það að málið yrði „upplýst með fullnægjandi hætti“ þannig að prófin yrðu send hlutlausum prófdómara. Og nú voru ekki spörð stóru orðin. Hrópað var á torgum um „ofstopafullar atlögu“ og „bolabrögð“ skólameistarans gegn kennurum skólans, „áðenga og ógnandi framkomu skólameistara“, rokið var til og safnað undirskriftum og starfsmenn hvattir til þess að skrifa ráðuneytinu „persónuleg bréfi“ um öll þau ósköp sem á gengu. Þar með

tók Félag framhaldsskólakennara Menntaskólanum á Ísafirði í gíslingu, og í þeirri prísund er skólinn enn.

Það er því ankannalegt að sjá í yfirlýsingu félagsins tyft-unarorð þess efnis að undirrituð hafi vanvirt ákvæði stjórnssýslulaga um að upplýsa mál til fulls áður en ákvörðun sé tekin. Það er svo sannarlega ekki ég sem hef staðið í vegi sannleikans í þessum málum með villandi upplýsingum, dylgjum, hálf sannleika, rangtúlkunum eða hreinum ósannindum. Nei. Formaður FF ætti að líta sér nær og minnst spakmælis frelsarans um þá sem sjá flísina í auga náungans en ekki bjálkann í sínu eigin.

7. Rangfærsla: Ekkert reglu-legt eftirlit með prófavinnu

Enn er seilst til alhæfinga þegar því er haldið fram að „hvorki Ingibjörg né aðrir kennarar skólans kannist við“ þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið á eftirliti með prófskilum og prófavinnu kennara við MÍ. Þetta er rangt. Ingibjörgu sjálfri er fullkunnugt um að sambærilegar athugasemdir hafa verið gerðar þegar einkunnadreifing hefur gefið tilefni til og/eda þegar prófum er ekki skilað inn til varðveislu. Margir kennarar skólans vita mætavel að próf hafa verið tekin til umræðu og skoðunar af stjórnendum skólans. Formaður FF fer þarna með fleipur sem verður helst skýrt með því að hann sé ekki í sambandi við nema afmarkaðan hóp kenn-

ara. Aðalheiður Steingrimsdóttir er þess ekki umkomin að fullyrða neitt um „ástandið“ í Menntaskólanum á Ísafirði yfirleitt – hún er ekki í sambandi við meirihluta kennarahópsins og kennarar innan skólans treysta henni ekki lengur fyrir upplýsingum.

8. Rangfærsla: Tilefni úttektarinnar

Því er ranglega haldið fram að undirrituð hafi ekki átt frumkvæði að þeirri úttekt sem menntamálaráðuneytið hefur falið Félagsvísindastofnun HÍ að gera á skólanum (ranglega nefnd stjórnssýsluúttekt í yfirlýsingu FF). Aðalheiði Steingrimsdóttur virðist mjög í nöp við þá staðreynd að ég skuli sjálf hafa óskað eftir úttektinni. Þannig er það nú samt.

Osk mín um þessa úttekt kom vissulega í kjölfar þess sem stjórn FF kallar „fjölmargar stjórnssýslukvartanir“ en ég myndi frekar nefna *örökstuddar dylgjur*. Beiðnina bar ég fram við ráðuneytisstjóra til þess að einhver botn fengist í það hvað væri raunverulega á seyði, ekki síst varðandi afskipti Félags framhaldsskólakennara af málefnum skólans. Inngrip félagsins voru að mínu mati orðin bæði óeðlileg og bagaleg fyrir starfsfriðinn í skólanum og líðan starfsmanna, og því brýnt að skoða nánar þann þátt málsins ekki síður en ýmislegt annað sem draga megi lærdóm af.

Umrædd úttekt er liður í því að upplýsa ýmsa þætti málsins

sem teknir hafa verið úr samhengi og fleygt með óábyrgum hætti inn í opinbera umræðu án þess að jafnræðis hafi verið gætt varðandi þau sjónarmið sem til álíta koma. Í því írafári hef ég sem skólameistari átt mjög undir högg að sækja þar sem ég af trúnaðarástæðum hef hvorki getað né viljað tjá mig til fulls um ýmis efnisatriði málsins. Félag framhaldsskólakennara hefur því miður notfært sér þessa stöðu, vitandi sem er að skólameistari rýfur ekki trúnað við starfsmann sinn.

Hitt er svo annað mál að með ákvörðun um þessa úttekt var gert *heiðursmannasamkomulag milli ráðuneytisins, skólameistara og forystu FF um að setja ágreiningsefni til hliðar og veita úttektaraðilanum svigrúm og frið til þess að vinna starf sitt. Félag framhaldsskólakennara hefur nú útrekað rofið þau grið með því að finna sér síendurtekin fréttatílefni um málefni skólans* – nú síðast undir yfirsýni vandlætningar vegna fréttar af endurmati títtnefndra ensku-prófa. Af margliða yfirlýsingu félagsins á heimasíðu KÍ er þó greinilegt að það tilefni er fyrirsláttur, tyllíastæða til þess að geta haldið áfram áróðursstríði sínu.

9. Rangfærsla: Trúnaðar-bresturinn

Þrátt fyrir það sem nú er sagt, er ekki hikað við að láta í það skína að undirrituð hafi rofið trúnað við starfsmanninn með því að miðla upplýsingum

úr álitsgerð mats- og eftirlitsdeildar menntamálaráðuneytisins um enskuþróf Ingibjargar frá því í vor. Það eru alvarlegar ávirðingar og ómaklegar. Þeim hefur þegar verið svarað af Halldóri Jónssyni blaðamanni á bb.is þann 6. október þar sem hann hreinsar þá sem nafngreindir hafa verið sem grunsamlegir „heimildarmenn“, mig þar á meðal. Blaðamaðurinn segir það hinsvegar umhugsunarefni „af hverju nú er reynt að gera hugsanlega heimildarmenn fréttar að aðalmáli ... sér í lagi vegna þess að þetta er fráleitt í fyrsta skipti sem trúnaðarupplýsingar í þessu máli hafa borist til fjölmiðla“ eins og hann bendir réttilega á.

Það gæti þó verið fróðlegt fyrir stjórn FF að vita að það var að minni ábendingu til ráðuneytisins sem trúnaðarskylda máls þessa var áréttuð við hlutaðeigandi þegar matsgerðin var kynnt málsaðilum. Matsgerðina átti einungis að nota í faglegum tilgangi innan skólans, og án þess að niðurstöður hennar yrðu ofútlíkaðar. Það er því vægast sagt óviðeigandi þegar stjórn FF og „velunnarar“ kennarans eru að vitna í þessi viðkvæmu trúnaðarskjöl á opinberum vettvangi með ónákvæmum og hlutdrægum hætti, eins og gerst hefur.

10. Rangfærsla: Aðgerðirn-ar „gegn“ Ingibjörgu

Því er blygðunarlaust haldið fram að „aðgerðir skólameistarans gegn Ingibjörgu

Ingadóttur“ hafi þann „tilgang einan að sýna öðrum starfsmönnum við hverju þeir megi búast ef þeir standa ekki og sitja eins og hann ætlast til“ eins og segir í yfirlýsingunni. Þessi örökstudda ávirðing ber vott um málefnaþæð og er sett fram af hugaræsingi sem er illskiljanlegur hjá forystumönnum stéttarfélags sem að óreyndu mætti ætla að væri ábyrgur aðili. Ummælin eru varla svaraverð enda sýna þau glögglega það sem löngum hefur verið haft á orði að „margur heldur mig sig“.

11. Rangfærsla: „Eineltið“

Forysta Félags framhaldsskólakennara hefur útrekað haldið því fram að Ingibjörg Ingadóttir hafi verið lögð í einelti innan skólans. Í yfirlýsingu félagsins er minnt á reglugerð sem Félagsmálaráðuneytið setti í desember 2004 um varnir gegn einelti á vinnustöðum. Athyglisvert er þó að ekki skuli vitnað beint í reglugerðina sjálfa, en þar segir m.a.

„Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunarárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna ...“

Hvers vegna stjórn FF kys að líta framhá þeirri skilgreiningu sem sett er fram í reglugerðinni um það hvað *ekki* liggja milli hluta að sinni. En sé tekið mið af þeirri skilgreiningu sem 3. greinin setur fram á fyrirbærinu einelti, þá

er það: „Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.“

Hver er að ofsækja hvern?

Það er ekki lítil ásökun í því fólgin að væna opinberan embættismann um einelti í skilningi umræddrar reglugerðar. Engin haldber rök hafa verið lögð fram þessu til stuðnings – enda eru engin slík rök til. Ég spyr hinsvegar, og vísa þá til þess sem ég hef rakið hér frammar: Hver er það sem hefur aftur og aftur með ótilhlýðilegum hætti og á opinberum vettvangi ráðist á nafngreindan einstakling með orðbragði og ásökunum sem lítilsvirða, móðga, særa, mismuna, ógna og valda vanlíðan? Ég skora á þá sem vilja komast til botns í þessu máli að fara nú eina ferð á netið, líta þar yfir gifuryrða- og ásakanaflauminn sem streymt hefur frá fulltrúum FF á síðum blaða og vefmiðla, skoða orðbragð, málflutning, rökstuðning (eða skort á honum) og aðra framgöngu þeirra sem hafa tjáð sig um málið og dæma svo: Hvorumegin er ofstopinn? Hvar liggur eineltið? Hver er að ofsækja hvern?



Öll nagdýrin seldust upp á fyrsta degi

Gæludýraverslun opnaði á Ísafirði á laugardag. „Ísfirðingar hafa tekið okkur mjög vel og fullt af fólki kom í búðina á laugardag. Svo mikil var umferðin reyndar að við þurftum að opna fyrr þar sem biðröð hafði myndast fyrir framan. Öll nagdýrin, ásamt því sem þeim fylgir, seldust upp fyrsta daginn“, segir Harpa Þorbjörnsdóttir Stangeland sem rekur gæludýraverslunina

ásamt Jóni V. Stangeland frá Reykjavík. Ætlunin er að bjóða upp á föður og aðrar gæludýravörur auk þess sem fiskar, fuglar og nagdýr verða á boðstólum. Jón hyggst styra versluninni að sunnan en Harpa er stödd fyrir vestan til að fylgja versluninni úr hlaði. Eins og áður hefur verið greint frá keyptu Jón og Harpa húsið að Hrannargötu 2 á Ísafirði sem áður hýsti skrifstofur Héraðssambands

Vestfirðinga af Íslandsbanka. Jón er Súgfirðingur en hefur búið syðra frá árinu 1989. „Mikið rennsli hefur verið síðan við opnuðum. Greinilegt er að þörf var fyrir slíka verslun á staðnum“, segir Harpa. Þess má geta að ekki verið rekin gæludýraverslun á Ísafirði síðan Inga Rut Olsen verslaði með gæludýr í Hafnarstræti fyrir nokkrum áratugum.

– thelma@bb.is



VAR DAGURINN GÓÐUR?

Fjöldi veiddra rjúpna er ekki forsenda góðrar veiðiferðar

Samkvæmt reglugerð sem umhverfisráðherra hefur sett um rjúpaveiði haustið 2005 er veiðitímabilið stýtt og er nú frá 15. október til 30. nóvember. Auk þess var sett sölubann á rjúpu og rjúpnafurðir. Með þessum aðgerðum er stefnt að því að rjúpaveiði verði innan þessa marka sem stofninn þóir.

Til að ná þessu markmiði er lykilatriði að veiðimann gæti sérstaks höfs við veiðarnar og veiði ekki meira en þeir þurfa fyrir sig og sína.

Veiðimenn, sjnum að við erum traustsins verðir og tryggjum að hægt verði að stunda hóflegar rjúpnaveiðar um alla framtíð.

Skilum inn réttum veiðiskýrslum

Nokkur torfærstækja er bönnuð við rjúpnaveiðir!



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

SKÝTYVI

UMHVERFISSTOFNUN

UST

NÁTTÚRUFÉLAGIÐ

FUGLAVERND

Egyptar eru viðmótsþýðir gagnvart þeim sem sýna ekki hroka og stærilæti



Gréta Sturludóttir á Ísafirði hefur aldrei hvorki fyrr né síðar, fundið fyrir heimþrá á ævinni nema þegar hún flutti heim til Íslands eftir þriggja ára dvöl í Egyptalandi fyrir rúmum 20 árum. Áður hafði hún verið við nám í Danmörku og búið í Nígeríu en Egyptaland náði sérstökum tókum á henni sem hún segist eiga erfitt með að skýra út. Samfélagið sé ólíkt öllu því sem Íslendingar eigi að venjast og bæði land og þjóð sé heillandi.

Í vetur heimsótti hún Egyptaland að nýju sem ferðamaður og segir þegar farið að bærast í sér að fara aftur. Hún segir ýmislegt hafa breyst á rúmum 20 árum en þó megi jafnframt segja að ýmsar hlíðstæður séu uppi og sumt hafi hreinlega ekkert breyst. Þegar Gréta kom fyrst til Egyptalands voru óvissutímar í kjölfar morðsins á Anwar Sadat forseta landsins, sem nokkru áður hafði gert frægt samkomulag sem átti að tryggja frið í Mið-Austurlöndum, kenndu við Camp David. Núna hafi róttæklingar innan Egyptalands herjað á ferðamannastaði með hryðjuverkum og skapað usla sem valdi því að nýleg hótél standi tóm.

Í þá daga hafi menn flutt vörur á asnakerrum og þær séu enn í góðu gildi þó Kaíró hafi þanist út og uppbyggingin hafi verið gríðarleg. Gréta varar þó við því að líta niður til Egyptalands sem fátæks þróunarlands. Þó íbúar landsins séu e.t.v. ekki eins loðnir um lófana og Íslendingar hafi Egyptaland verið menningarland frá fornu fari. Hún sé t.d. mikill aðdáandi egypssks handbragðs og nefnir sem dæmi stóra og flókna útskurði sem gjarnan séu hafðir fyrir gluggum heimila þeirra betur stæðu. Þar sé um hrein og klár listaverk að ræða og ekki hugsað um það eitt að ljúka verkinu af á sem stystum tíma. Þá sé mikið verið með mósaík á gólfum og veggjum, sem gleðji augað.

Þó auðvelt sé að hverfa til Egyptalands í huganum er það óravegu frá Flateyri þar sem Gréta er fædd og uppalin. Hún er fljót til svara þegar spurt er um æskuárin á Flateyri.

„Jú þar var gott að alast upp. Maður þurfti ekki nema að hlaupa yfir götuna og þar var flæðarmálið með öllum sínum ævintýrum. Þar gróf maður undir steinana og fann pöddur og marflær og alls kyns fineri.

Það var mjög aðgrunnt út frá fjörunni og þurfti að fara nokkra tugi metra út áður en komið var í hnédýpi svo maður varð í mesta lagi rassblautur – þar fyrir utan lærði maður ungur að synda.

Ég er yngst í systkinahópi og á tvo eldri bræður. Ég veit ekki hvort það er þess vegna en ég lék mér alltaf meira með strákunum en stelpunum. Þegar þær voru í brúðuleik uppi á landi þá voru við niðri í fjöru í bílaleik eða einhverju álíka.“

Að loknu barnaskólanámi hélt Gréta til náms í Héraðsskólanum á Núpi og síðan lá leiðin í Menntaskólan á Akureyri þar sem hún lauk stúdentsprófi.

„Síðan var ég ekki alveg viss hvort ég ætti að fara strax í myndlistarnám eða fara fyrst í eitthvað stutt praktískt nám til þess að hafa eitthvað „naglfast“ að grípa til ef illa gengi í myndlistinni. Úr varð að ég sótti tíma í efnafraði í lækna-deild HÍ og vann jafnframt eitt ár í Reykjavík. Það átti eftir að koma sér vel því ári síðar fór ég í tækniskóla í Árósnum og lauk námi sem er í líkingu við meinataeknínámið hér heima og er kallað industri laborant. Þá vannur maður við beinar efnarannsóknir, annað hvort í matvælaeftirliti eða í framleiðslueftirliti og stundum við að aðstoða þá sem eru í vörubróun. Í verknaði í tengslum við skólann fór ég t.d. til starfa í lyfjaverksmiðju í Kaupmannahöfn þar sem verið var að þróa ný lyf auk hefðbundinnar framleiðslu til að standa undir þróunarstarfinu – þetta var geysilega skemmtilegt. Það var ekki fyrr en rúmlega 15 árum seinna að ég fór loksins í myndlistarnámið, og fannst ekki minna mega vera eftir alla þessa bið en að taka fyrir bæði málun og keramik.“

10.000 manna þorp

– Hvernig atvikaðist það síðan að þú fórst til Egyptalands?



Þessi mynd var tekin í nágrenni Lúxor í vetur. Hér er Gréta ásamt egypskum herramanni í hefðbundnum klæðum.

„Þannig var að þegar ég bjó í Kaupmannahöfn þá umgekkst ég mikið stúdentana þar og kynntist þáverandi mannum mínum sem var þar í verkfræðinámi. Hans sersvið var byggingarverkfræði með áherslu á brúargerð og að námi loknu fékk hann vinnu við gerð brúarinnar yfir Litla beltið. Síðan þegar við komum til Íslands og vorum búin að vera heima í 4-5 ár var haft samband frá sama verkfræðifyrirtæki í Danmörku. Þeir voru alveg í vandræðum, þá vantaði svo mikið verkfræðing til að fara til Nígeríu. Þar vorum við svo í tvö og hálf ár fram á sumar 1981. Verkefnið snerist um að hafa eftirlit með vega-

framkvæmdum sem voru undir höndum fransks verktakafyrirtækis. Franska fyrirtækið bauð okkur síðan að koma með til Kaíró þar sem þeir voru búnir að taka að sér gerð neðanjarðarlestar og taka þátt í því verkefni.“

– Hvernig voru aðstæður í Nígeríu, gast þú t.d. ráðið þig í vinnu?

„Nei ég var úti í frumskógi. Stundum var ég eina konan á svæðinu því yfirmennirnir úr röðum innfæddra voru ekki með sínar fjölskyldur úti í skógi. Þessar vegavinnubúðir voru stórt afgirt svæði, með nokkrum einbýlishúsum fyrir yfirmennina en síðan minni íbúðum fyrir hina lægra settu.“

– Það er óhætt að segja að þetta hafi verið nokkuð sérstakt fjölskyldulíf.

„Verktakarnir voru með vinnubúðir í þorpi sem var 10 km frá okkur, og þó ég segi þorp þá bjuggu þar tíu þúsund manns. Í þorpinu var svo verslunarkjarni með apóteki og tveimur búðum sem mintu mig helst á lýsingar af gömlu krambúðunum.

Þetta gekk ágætlega upp, verktakarnir voru með 80 karlmenn í vinnu. Margir voru með fjölskyldu með sér svo börnunum var séð fyrir skólavist með hjálp franska ríkisins og mínir strákar fengu að fara þar með, svo þeir voru orðnir almælandi á frönsku þó við hjónin kynnum bara orð og orð.“

Hermenn á götum

„Það er nokkurs konar hefð þegar útlendingar koma til starfa í þróunarlöndum – þó ég viti ekki hvort maður eigi að kalla löndin vanþróuð þó þau hafi þróast öðruvísi en vesturlöndin – að fyrir launað starf í landinu ráðir þú einn innfæddan í vinnu. Þannig eru flestir með heimilishjálpi eða garðyrkjumann ráði þeir yfir einhverri garðholu. Ég fékk garð þarna í Nígeríu en þótti jarðvegurinn frekar rýr svo ég fór að bæta hann með því að blanda ýmiskonar grænmetisafskurði og þess háttar saman við moldina. Þarna í hitanum átti ég ekki von á öðru en þetta myndi allt rotna undir eins en síðan fóru að vaxa þarna tómatar og ýmislegt fleira sem ég átti ekki von á. Þannig var þetta tilraunabúskapur sem var gaman af.“

– Hvernig var svo ástandið í Egyptalandi árið 1981 þegar þið fóruð þangað?

„Eftir að við skrifum undir samninginn við Frakkana um að fara til Egyptalands, áttum við að dvelja nokkrar vikur í París við undirbúning áður en við færum. Rétt áður en við áttum að fara heyrðum við í útvarpinu að Anwar Sadat, forseti landsins, hafi verið ráðinn af dögum. Þetta var 6. október 1981. Þá var verkefnið fryst og enginn vissi hvort nokkuð yrði úr því, svo við dögudum uppi í Frakklandi og komust ekki til Egyptalands fyrr en í desember. Í kjölfar þessa hertu egypsk yfirvöld tókin á þjóðlífinu enda mjög alvarlegur hlutur þegar forseti lands er veginn. Þannig var mikil og ströng öryggisgæsla þegar við komum þangað út. Við bjuggum í úthverfi Kaíró sem hafði verið byggt upp á áhrifatíma Breta. Þarna var stutt að fara á milli staða og t.d. þegar maður var að fara með strákana í skólann og gekk framhjá húsi þar sem bjuggu ísraelskir sendiráðsmenn þá var þar vörður við hvert horn.

Einu sinni hitti ég af tilviljun íslenska konu fyrir utan barnaheimili. Hún var að sækja barnið sitt og var að síða það til, svo ég heyrði íslenskuna og vík mér að henni til að heilsa. Við vorum varla búnar að kynna okkur þegar við sáum koma bíl, setinn fjórum mönnum með alvæpni, sem fóru inn á barnaheimilið til að ganga úr skugga um að þar væri allt með felldu. Þá hafði heyrst kvittur af því að barnaheimilið ætti að verða vettvangur einhvers misjafns. Þarna áttu útlingingar börn og því gat vel verið að hryðjuverkamenn vildu beina spjótum sínum að því. Svona var öryggisgæslan geysilega mikil og ef eitthvað var óvanalegt eða skrítið þá var gengið úr skugga um að þar væri ekkert misjafnt á ferð. Það var haft vökult auga með öllu en einhvern veginn vandist maður því.“

Þínu frúrnar með blæju

– Hvernig var lífið í Egyptalandi á þessum árum? Hvort sem það á rétt á sér eða ekki þá hefur maður þá ímynd að í íslamstrúarlöndum séu konur lokaðar inni á heimilinu og karlarnir séu herrar alls. „Þannig er það að vissu leiti. Annars hefur Egyptaland þá sérstöðu að þar er elsti kristni söfnuður heimsins, koptar, og fyrir bragðið er annað yfirbragð á þjóðlífinu en ef þar væri einungis iðkuð íslamstrú. Á þeim tíma voru kristnir menn um 15% þjóðarinnar sem er tilfinnanlegt hlutfall. Þessi söfnuður er líka hluti af hefð og sögu landsins og hefur þannig aðra þýðingu en ef hann hefði verið stofnaður í kjölfar trúboðs á síðustu öld.“ – Gengu konur með blæjur? „Nei, undantekningarlítið þá gengu konur ekki með blæju. Það var helst ef maður fór á grænmetismarkaðinn að maður sá konur með blæju. Síðan fékk ég skýringu á því



Jafnvel fábrottnir staðir hafa á sér ævintýrlegt yfirbragð.

frá innfæddri konu. Yfirleitt voru þetta millistéttarkonur sem höfðu einhverra hluta vegna ekki lengur efni á að hafa vinnuhjú á heimilinu og urðu því að fara sjálfar á markaðinn til að kaupa inn. Það var aftur á móti svo mikil niðurlægning að frekar settu þær upp blæju til að þekkjust ekki á markaðinum en að hætta félagslegri stöðu sinni. Þetta gerðu þær sem sagt ekki af trúarlegum ástæðum heldur til þess að hinar fínu frúrnar sæju þær ekki á markaðinum að kaupa í matinn.“

– Það hlýtur að vera mikil upplifun fyrir Íslendinga að koma á svona framandi slóðir. „Þarna var allt öðruvísi en maður átti að venjast. Ég hugsaði ef ég hefði komið beint til Egyptalands frá Íslandi þá hefði ég fengið menningar-sjokk, en eftir að hafa verið í Nígíeríu og séð fátækrahverfin þar í höfuðborginni og frumstað þorp úti á landi þá var ég orðin ónæg á vissan hátt.“ – Venst það að vera útlendingur?

„Já, ég var orðin vön því að vera útlendingur og vön því að sjá eitthvað sem mann óraði aldrei fyrir að væri til. Einhvern veginn kemst það í vana,


maður hættir að vera uppnæmur fyrir því. Meira að segja þó hafi verið hermenn á stjái með alvæpni þá vorum við orðin vön því. Í Nígíeríu var herforingjastjórn og þar var það ekkert óvanalegt sjón heldur.“ – Má ekki líka segja að upplifunin hafi verið meira framblæju til að þekkjust ekki á markaðinum en að hætta félagslegri stöðu sinni. Þetta gerðu þær sem sagt ekki af trúarlegum ástæðum heldur til þess að hinar fínu frúrnar sæju þær ekki á markaðinum að kaupa í matinn.“

– Það hlýtur að vera mikil upplifun fyrir Íslendinga að koma á svona framandi slóðir. „Þarna var allt öðruvísi en maður átti að venjast. Ég hugsaði ef ég hefði komið beint til Egyptalands frá Íslandi þá hefði ég fengið menningar-sjokk, en eftir að hafa verið í Nígíeríu og séð fátækrahverfin þar í höfuðborginni og frumstað þorp úti á landi þá var ég orðin ónæg á vissan hátt.“

Glymjandi bænakall
– Komstu í samband við heimamenn í Egyptalandi? „Já, aðeins. Þannig var áttast með mig eins og hundruð annarra kvenna sem voru þarna, makar erlendra manna sem voru að vinna í landinu að við gátum ekkert unnið og fengum enga vinnu. Það hefði e.t.v. verið hægt hefði maður ráðið sig í vinnu og komið til landsins á þeim forsendum en



Gréta stillir sér upp við fornminjar á ferð sinni um Egyptaland í vetur.



Þannig var umhorfs nálægt heimili Grétu. Þar sem byggðinni sleppir tekur eyðimörkin við.

– Maður ímyndar sér að þetta sé ansi sérstakt andrúmsloft að upplifa – hitinn í eyðimörkinni og bænaköllin úr moskunum.

„Að minnsta kosti er þetta ansi ólíkt íslenskrí hvunndagsstemmningu. Síðan er mikið verið með tónlist, t.d. á götum úti, og hún er sér á parti miðað við það sem við eigum að venjast. Við keyptum okkur sjónvarp til að fylgjast með, þó við skildum ekki mikið, en fannst afskaplega forvitnilegt að oft voru söngatriði, eins og kabarettatriði, í sjónvarpinu sem við hrifumst mikið af. Hins vegar skildist okkur að inn í þau væri búið að flétta pólitískum áróðri, þó það færi náttúrlega fyrir ofan garð og neðan hjá okkur.

Tónlistin er ansi sérstök og seiðandi, við vesturlandabúar köllum þetta oft bara magadansmúsík einu nafni þó auðvitað sé ekki dansaður magadans við allt. Hljóðferin eru önnur og hljómfallið.“

– Hljómaði tónlistin þá mikið úti í götu?

„Já það var ekki óvanalegt. Maður gat t.d. mætt fátækum unglingi í hefðbundnum egypskum galabaya [serkur sem er algeng flák í Egyptalandi] með túrban á sér og ferðautvarp á öxlinni.“

Inngróinn ótti við hryðjuverk

– Þú sagðir mér að þér þættu Egyptar sérstaklega gott fólk. „Já viðmót þeirra er sérstaklega vingjarnlegt. Ef þú ert ekki með hroka og stærilæti gagnvart þeim þá eru þeir afskaplega hjálplegir og almenningir – meira en hjá öðrum þjóðum sem ég hef kynnst. Þetta var t.d. allt annað en í Nígíeríu. Í kringum höfuðborgina var litíð á okkur sem erfðafjendur af því við vorum hvít en svo aftur inni í frumskóginum þá voru börnin forvitinn og komu til að snerta okkur, rétt til að finna hvort við værum öðruvísi viðkomu en þau. Síðan þreifuðu þau á krullun-

um á eigin höfði og voru svo að stelast til að koma við slétt hárið á strákunum mínum. Pólitíkin hefur kannski ekki borist eins vel út í frumskógin heldur var það frekar forvitnin sem réð ríkjum þar.“

– Fannst þér þú skynja mikla breytingar á Egyptalandi frá því sem var, núna þegar þú kíktir í heimsókn í vetur? Það er e.t.v. ólíku saman að jafna að koma þangað sem ferðamaður og að búa þar um lengri tíma.

„Jú, auðvitað er það ekki það sama. Ég bjó í Kaíró en núna heimsótti ég Lúxor og var reyndar ekki inni í borginni sjálfri heldur þorpi þar skammt frá á vestari bakka Nílar. Síðan var ég á ferð með hópi og þá var maður frekar leiddur um eins og sauður og gerði minna af því að ráfa um sjálfur.

Samt sem áður skynjaði maður breytingu. Viðhorfið var öðruvísi. Mér fannst mest áberandi að það litla sem maður talaði við innfædda þá var eins og kæmi fram inngróin hræðsla við hryðjuverkamenn, og þá oftast egypska ofsatriármenn, því þeir væru að drepa niður ferðamannaíðnaðinn. Þetta er frábargið ástandinu fyrir rúmum 20 árum að því leyti að þá var hræðsla við hryðjuverk ógamanna sem voru á móti Camp David samkomulaginu og vildu kynda undir öfriði. Þá voru menn sérstaklega hræddir um skotmörk sem tengdust Ísrael.

Á vesturbakka Nílar í nágrenni við Lúxor er búið að byggja upp mikla aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum, hótél, smáhýsi og fleira. Að stórum hluta stóðu þessi mannvirki ónotuð því umferð ferðamanna hefur snarminnkad á fáeinum árum. Þannig er þetta mikill afturkippur því ferðamannaíðnaðurinn er bæði beint og óbeint mjög mikilvæg atvinnugrein fyrir Egypta.

Á þessu svæði er ógrynni af fornminjum og þeim veitir ekki af öflugum ferðamannaíðnaði til að fá tekjur til að standa straum af varðveislu

allra þessara minja. Það væri sorglegt ef þessir öfgamenn yrðu til þess að formminjarnar yrðu vanhvirðuð að bráð – þarna er um að ræða arf alls mannkyns. Mengunin í andrúmsloftinu og veður og vindar vinna á mannvistarleifunum og þær liggja fyrir skemmdum. Það eru e.t.v. ekki svo mörg hryðjuverk sem hafa verið framin á þessu svæði en nóg til þess að skapa ótta – fólk veit aldrei hvar þá ber niður næst.

– En þú varst gagntekin af Egyptalandi – hvað veldur?

„Nú er erfitt að átta sig á því, en það eru einhverjir straumar þarna sem gera landið svo heillandi. Sennilega er það afstaða Egyptanna sjálfra til lífsins og tilverunnar. Í Egyptalandi er ekki verið að flýta sér út af smámunum heldur er öllu tekið af stóískri ró. Þannig gera þeir grín að manni þegar maður er á harðaspani að flýta sér eitthvað og benda á að það breytist ekkert hvort

sem maður komi seint eða snemma – heimurinn verði sá sami. Síðan leggja þeir mikið upp úr kurteisi í mannlegum samskiptum og þeir sem mætast oft á sömu leið heilsast iðulega þó þeir þekkist ekki neitt. Ef maður á erindi við Egypta þá þarf að heilsast eftir vissum samfélagsvenjum þar sem er skiptast á spurningum um fjölskyldu og hagi hvors annars og gjarnan drukkinn tebolli áður en menn koma sér að efninu.

Annað hvort líkar fólki stemmningin alls ekki eða það er heillað upp úr skónum. Ég var varla komin heim úr síðasta ferðalagi fyrir en ég var farin að leggja drög að því í huganum hvað ég ætla að sjá í næstu ferð. Þetta er gífurlega stórt land, og það er ógurlega mikið sem hægt er að sjá – ekki bara gamla hluti, heldur ævagamla. Þarna er einfaldlega svo margt stórfenglegt að sjá og upplifa“, sagði Gréta Sturludóttir. – *kristinn@bb.is*



Asnakerrur eru enn í góðu gildi.

Niðurgreiðslur bæjarins vegna ákvæða í kjarasamningum

Niðurgreiðslur Ísafjarðarbæjar á matarkostnaði starfsmanna skrifstofa bæjarins eru til komnar vegna ákvæða í kjarasamningum Fos-Vest, en eins og sagt var frá í frétt í síðustu viku kom fram að Ísafjarðarbær greiðir fæði starfsmanna bæjarskrifstofunnar meira niður en fæði grunnskólabarna og kennara. Máltíð grunnskólabarna kostar 320 krónur á meðan máltíð fyrir kennara kostar 370 krónur.

Ísafjarðarbær selur starfsmönnum sínum svo 20 miða á 1.200 krónur eða 60 krónur á hvern miða og er hver miði niðurgreiddur um 115,50 krónur. Meðalmáltíð kostar frá tveimur og upp í fjóra miða, og kostar því hver máltíð frá 120-240 krónur á dag, og er niðurgreidd um 231-462 krónur á máltíð. Einnig er boðið upp á súpu fyrir einn miða.

Halldór Halldórsson hefur

tjád blaðinu að mótuneyti Stjórnsýsluhúss og mótuneyti Grunnskólans á Ísafirði séu mjög ólík og tæplega samburðarhæf. Einnig vildi Halldór koma því á framfæri að niðurgreiðslur til starfsfólks Ísafjarðarbæjar séu byggðar á ákvæðum kjarasamninga, og niðurgreiðslur til grunnskólakennara byggist á samþykkt samstarfsnefndar Kennarasambandsins og Launaneftdar sveitarfélaga.

Í kjarasamningi Fos-Vest kafla 3.4 um fæði og mótuneyti segir: „Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan og kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Húsakynni skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyrivalda. Starfsmenn

greiði efnisverð matarins en annarrekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.“

Í yfirlýsingu frá Halldóri segir að efnisverð hafi verið talið um 33-45 prósent eftir því um hvaða vinnustað var að ræða og við hvað var miðað. Segir að auki: „Á árinu 2004 greiddi bæjarsjóður fyrir matarkostnað á 4. hæð stjórnsýsluhússins alls 1.702 þúsund krónur. Starfsmenn bæjarskrifstofu og Skóla- og fjölskylduskrifstofu greiddu til baka 632 þúsund krónur.“

Nettókostnaður er því 1.079 þúsund krónur, eða um 63

prósent af heildarverði, og efnisverð sem starfsmenn greiða þá 37 prósent af heildarverði. Segir Halldór þetta í algeru samræmi við kjarasamninga.

Í bókun frá 67. fundi samstarfsnefndar Kennarasambandsins og Launaneftdar sveitarfélaga segir svo: „Ef skóli kaupir mat hjá öðrum en greint er í 3.4.2 (sem fjallar um vinnustaði sem bjóða ekki upp á mat á vinnustað. Innsk:bb.is) skulu starfsmenn greiða kr. 370 fyrir hverja máltíð frá og með 1. ágúst 2005.“ – *eirukur@bb.is*

Bæklunarlæknir

Ríkharður Sigfússon bæklunarlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 17. – 21. október. Tímapantanir í síma 450 4500, á milli kl. 8,00 - 16,00 alla virka daga.



Sign rokkaði fyrir aðdáendur sína á Ísafirði

Rokkhljómsveitin Sign hélt tónleika fyrir fullum sal í Hömrum á Ísafirði á sunnudag. Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði stóð fyrir tónleikunum. Sign, sem meðal annarra er skipuð vestfirsku bræðrunum Agli og Ragnari Sólberg (Zolberg), sonum Rafns heitins Jónssonar, gaf út sína þriðju

breiðskífu á dögunum sem ber nafnið Thank God for Silence. Í tilefni útgáfunnar er sveitin í tónleikaferð um landið sem lýkur á tónlistarhátíðinni Iceland Airways. Ísfrska hljómsveitin Lack of talent hitaði upp fyrir Sign á tónleikunum.

– *thelma@bb.is*

Sælkeri vikunnar • Juntima Kongprakon á Suðureyri

Steikt hrísgrjón og kjúklingaleggir

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo spennandi rétti, djúpsteikta kjúklingaleggi og steikt hrísgrjón. Juntima segir að með kjúklingaleggjunum sé mjög gott að bera fram franskar. Hún mælir einnig með að nota Wok-pönnu við eldun steiktu hrísgrjónanna. Þá geti fólk valið hvers konar kjöt það noti í þann rétt.

Steiktir kjúklingaleggir

- 1 bakki kjúklingaleggir
- 1 msk hvít piparkorn heil
- 2 hvítlaugsgeirar

- Soyasósa
- Season all
- Aromat

Skerið rendur í kjúklinginn. Merjið hvítlaukinn og piparkornin saman. Bætið restinni af kryddi og soyasósu við. Látið kjúklinginn liggja í þessu í minnst eina klukkustund og geymið í ísskáp. Djúpsteikið í 20 mín.

Steikt hrísgrjón

- Kjúklingur-svín-pylsur
- 1 hvítlaugsgeiri og 1 laukur
- 2 egg
- 1 stór tómatur

- Soyasósa
- Ostrusósa
- Sósulitur
- Aromat
- 2 pokar hrísgrjón

Steikið hvítlauk, lauk og egg saman í olíu. Bætið kjöti út í. Bætið við sósunum og kryddi eftir smekk. Setjið út í sósulit. Setjið hrísgrjónin út á pönnu og hrærið allt saman. Berið fram með gúrku og sítrónu.

Ég skora á sambýlisfólkið Kolbránu Elmu Schmindt og Sigurð Aðalsteinsson á Ísafirði.



„Greinilega rangur maður í brúnni í höfuðstað Vestfjarða“



Pálína Vagnsdóttir.

Pálína Vagnsdóttir forvígismaður fyrir undirskriftalista um jarðgangagerð milli þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum segir það greinilegt að Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sé rangur maður í brúnni í höfuðstað Vestfjarða. Þetta segir hún í framhaldi af ummælum Halldórs á bb.is um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja nú þegar undirbúning að lagningu jarðganga um hluta Óshlíðar.

Pálína segir ummæli Halldórs hafa valdið sér mikilli hryggð. „Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ talar þarna eins og fyrir liggi einhver vilji almennings um það hvaða leið eigi að fara í þessu efni. Hvar hefur sá vilji komið fram? Er bæjarstjórinn með einhverja könnun um vilja almennings sem ekki hefur komið fram í dagsljósið?


Er bæjarstjórinn með eitthvað umboð til þess að lýsa vilja almennings í þessu máli? Eini almenni vilji almennings í þessu máli er sá mikli vilji sem komið hefur fram í þeirri undirskriftarsöfnun sem hrundið var af stað í vetur“ segir Pálína. Þar vísar hún til undirskriftarlista sem nú hafa tæplega 1.500 manns ritað undir. Þar er skorað á stjórnvöld að beita sér fyrir gerð jarðganga úr Syðridal í Vestfjarðagöngin.

Pálína segir það líka afar alvarlegan hlut þegar forystumaður í stóru sveitarfélagi gerir lítið úr gildi rannsókna og segir að ekki sé rétt að biða eftir þeim. „Þessi ummæli bæjarstjórnars staðfestu í mínum huga að því miður errangur maður í brúnni í því sveitarfélagi sem við viljum geta horft með stolti til sem höfuðstaðar Vestfjarða. Einmitt vegna þess hlutverks Ísafjarðarbæjar hefur því bæjarfélagi verið treyst til þess að hýsa margar þjónustustofnanir sem við þurfum að sækja til daglega og sumir oft á dag. Því er okkur nauðsynlegt að komast til Ísafjarðar hættulaust. Það verða forystumenn á Ísafirði að skilja vilji þeir að mark sé tekið á málflutningi þeirra“, segir Pálína.

„Ég hlýt að velta fyrir mér hversu oft þarf bæjarstjórinn á Ísafirði að aka Óshlíðina. Það er oft auðveldara um að tala en í að komast. Í mínum huga hefði verið meiri reisn yfir bæjarstjóra þess sveitarfélags sem vill kalla sig höfuðstað Vestfjarða ef hann hefði sýnt þann kjark að standa með okkur í vetur og skrifa nafn sitt undir lista þeirra sem vildu varanlega og örugga lausn á samgöngum við Ísafjarðardjúp. Afstaða hans til þess máls á sínum tíma olli mér miklum vonbrigðum. Þegar hann nú lýsir stuðningi við bráðabirgðaleið tekur steininn úr og sannfærir mig um það sem ég áður sagði að því miður hafa íbúar Ísafjarðarbæjar rangan mann í brúnni. Sætti menn sig við þá leið sem nú er í umræðunni í Óshlíð er mikilvægt fordæmi gefið. Fordæmi sem leiðir til þess að plástraleið verður valin á öðrum stöðum á landinu. Það er sú skoðun sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar styður með ummælum sínum. Ég trúi því að íbúar Ísafjarðarbæjar standi með okkur, Súðvíkingum og öðrum Vestfirðingum í því að efla hættulausar samgöngur við höfuðstað Vestfjarða“, segir Pálína Vagnsdóttir.

– hj@bb.is

„Vonast eins og aðrir eftir stærra skrefi í Óshlíð“



Halldór Halldórsson.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi ákveðið að kanna einn kost við gerð jarðganga vonist hann til þess að rannsóknir leiði í ljós að stærra skref verði stigið í Óshlíð í fyrsta áfanga. Eins og fram hefur komið gagnrýnir Pálína Vagnsdóttir hann harðlega fyrir ummæli sín á dögum um hugsanlega jarðgangagerð í Óshlíð. Taldi Pálína meðal annars ljóst að rangur maður væri í brú höfuðstaðar Vestfjarða.

Halldór sagði meðal annars telja að með fyrirhugaðri jarðgangaleið væri verið að bregðast við vilja almennings. Aðspurður hvaða vilja hann væri að vísa til segist hann hafa átt við kannanir þær sem sagf hefur verið frá í fjölmiðlum um viðhorf almenn-

ings til umferðar um Óshlíð. Þar hafi komið skýrt fram að almenningur telji núverandi ástand ekki boðlegan kost. Þegar ríkisstjórnin viðurkenni með afgerandi hætti að núverandi ástand sé ekki boðlegt hljóti það að vera öllum fagnaðarefni.

Pálína vísar til þess að Halldór hafi ekki treyst sér til þess að styðja við bakið á því fólki sem stóð að undirskriftarlistanum „Við viljum göng“. Halldór segir hann ekki í nokkrum vafa um að sú barátta hafi átt fullan rétt á sér. Ástæða þess að hann hafi ekki treyst sér til þess að undirrita þann lista sé sú að þar hafi verið stefnt að ákveðinni leið sem hann sjálfur hafi ekki kynnt sér og hafi því ekki talið sig geta skrifað undir listann nema hugsanlega með fyrirvara um leiðarval.

Hann segir það hafa verið baráttumál bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um langan tíma að bæta samgöngur milli

byggðarlaga við Djúp. Þegar unnin hafi verið greinargerð um öryggismál Djúpvegjar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur hafi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar ekki verið boðið að tilnefna fulltrúa í þann vinnuhóp. Athugasemd hafi verið gerð við það á sínum tíma. Þar leiðir sem þar hafi verið bent á, og nú er verið að rannsaka betur, séu því á ábyrgð annarra en Ísfirðinga. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hafi gert athugasemd við það á sínum tíma.

Halldór segir það hins vegar öllum fagnaðarefni þegar nú hefur verið ákveðið að stíga skref til stórbættis öryggis vegfarenda um Óshlíð. Hann taki hins vegar undir orð þeirra sem vonist til þess að fyrsta skrefið verði stærra. Stærsta gleðiefnið sé hins vegar sú að í ákvörðun ríkisstjórnarinnar felist viðurkenning á því að núverandi ástand sé ekki boðlegt og því hljóti allir að fagna. – hj@bb.is

Atvinna

Óskum eftir að ráða starfskraft í pípu-lagnir. Eingöngu vanur aðili kemur til greina. Upplýsingar í síma 897 6795, Páll.

Ódýrara en í skólum 5 annarra sveitarfélaga en dýrara en á 12 stöðum

Samkvæmt nýrri samanburðarkönnun frá bæjaryfirvöldum á Ísafirði um verð í mótuneytum grunnskóla er mótuneyti Grunnskólans á Ísafirði, sem rekið er af SKG-veitingum, með lægra verð en mótuneyti í grunnskólum 5 annarra sveitarfélaga á landinu ef miðað er við áskriftargjald, en herra verð en grunnskólar í 12 sveitarfélögum.

Hver máltíð kostar 320 krónur á barn í mótuneyti Grunnskólans á Ísafirði, en kennarar greiða 370 krónur. Könnunin tók til átján sveitarfélaga. Þar af er Árborg með lægsta verð, eða 200 krónur, á meðan hæsta verðið er í Reykjanesbæ, eða 450 krónur. Í mótuneytinu í Grunnskólanum á Ísafirði er hver máltíð nemanda niðurgreidd um 100 krónur. Á landinu er niðurgreiðslan langmest í Árborg, eða 350 krónur, en ef Árborg er skilin út undan er niðurgreiðslan í

þeim mótuneytum sem könnunin tekur til almennt á bilinu 0-145 krónur.

Að sögn Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar gerði Skúli Ólafsson, þáverandi forstöðumaður skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, á sínum tíma samanburð á verði í mótuneytum grunnskóla í nokkrum sveitarfélögum.

„Í framhaldinu kom hann svo með tillögu að því að við myndum greiða niður mótuneytismatinn um 100 krónur á skammt fyrir nemendur, sem gerir 7-8 milljónir á ári miðað við 400 börn“, sagði Halldór þegar rætt var við hann á föstudag. Aðspurður sagði Halldór ekki vera með upprunalegu könnuna handbæra. „En könnunin frá því í gær sýnir stöðuna eins og hún er núna.“

Matseðill mótuneytis Grunnskólans á Ísafirði var hannaður í samráði við næringarráðgjafa og eftir stöðlum

Lýðheilsustofnunar. Gert er ráð fyrir að nemendur fái einn þriðja af ráðlögðum dagskammti næringarefna yfir skóladaginn. Ljóst er að verðsamanburður á milli mótuneyta í grunnskólum á Íslandi segir einungis lítinn hluta sögunnar, enda er aðstaða og aðstæður mjög mismunandi. Á sumum stöðum er um stakar máltíðir að ræða en annars staðar er matur seldur í áskrift, og á enn öðrum stöðum er hvoru tveggja í boði.

Á sumum stöðum er verð mismunandi eftir aldri nemenda og á Sauðarkröki er heitur matur til dæmis einungis í boði fyrir nemendur í 1.-3. bekk. Könnun bæjar-yfirvalda tók aðeins til staða sem bjóða upp á heitan mat, með þeirri undantekningu þó að Vestmannaeyjar voru teknar með en þar er einungis boðið upp á kaldar máltíðir.

– eirukur@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.
Aðalstræti 26a: 108 m² 4ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Stórholt 13: 79 m² íbúð á 2. hæð til hægri með yfirbyggðum svölum og sérgeymslu á jarðhæð. Verð 6,5 m.kr.
Stórholt 7: 74 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli, þvottahús er í íbúð. Verð 5,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 2: 84 m² tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi með geymslu í sameign. Verð 5,5 m.kr.
Sundstræti 34: 68 m² nýleg íbúð á jarðhæð með sérinngangi í uppgerðu fjölbýli. Verð 5,9 m.kr.

Urðarvegur 78: 77 m² stór íbúð á 3. hæð f. miðju ásamt geym slú. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 5,9 m.kr.
Súðavík:
Túngata 11: Sumarhús í Súðavík. Steinstept 113 m² einbýlishús á einni hæð með stórum garði og 33 m² bílskúr. Verð 5,0 m.kr.
Eyrardalur 2: Falllegt 138 m² álklaft einbýlishús með 62 m² stórum bílskúr og grónum garði. Verð 22 m.kr.
Adalgata 16: 184 m² einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 5,5 m.kr.
Túngata 10: 177 m² einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 7,5 m.kr.
Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Afleysingar lögreglumann vantar herbergi á Ísafirði til leigu til 15.desember. Uppl. í síma 895 1105.

Ódýr gisting miðsvæðis í Reykjavík. Lítil stúdíóíbúð f. 2-4 leigist í eina eða fleiri nætur Sér inngangur og bílastæði. Uppl. í síma 696-0439.

Til sölu 4 nagladekk á 15" álfelgum. Uppl. í síma 899 3067.

Sony DVD spilari til sölu, minus fjarstýring. Uppl. í síma 456 4569

Tölvuborð til sölu á fjórum hjólum úr málm, svart, 4 hillur, tekur lítið pláss. Uppl. í síma 456 4569.

Til sölu Suzuki Vitara '95 m/ sumar og vetrardekk. 270 þús kr. Uppl. í síma 846 7479.

13" dekk á felgum fást fyrir lítinn pening. Undir M. Lancer. Uppl. í síma 867 0639.

Brávantar íbúð til leigu, helst á Eyri. Uppl. gefur Linda Björk í síma 868 0703.

Til sölu lítið notuð 14" nagladekk. Uppl. í síma 825 7084.

Til Sölu Toyota Corolla L/B 1300, ekinn 134 þús. Nýskoðaður. Sumar og vetrardekk á felgu. Verð 500 þús. Uppl. í síma 8614668

Til sölu 15" ný nagladekk á felgum. Koppar og rær fylgja. Uppl. í síma 696 2174.

Til sölu er Mercedes Bens 240e árg '99, ekinn 115 þús, áhvilandi bílalan. Athuga skipti á ódýrari. Sumar og vetrardekk fylgja. Uppl. í síma 895-0475.

Til sölu 4 áfelgur með 4 vetrardekkjum. 7 sm á mið göt. Undan Daiwoo Nubira 2000 módeli. Uppl. í síma 456 7329.

Nagladekk til sölu, stærð 195 x 65 x 15". Uppl. í síma 899 8936, Benni.

Rúmlega þriggja ára svört Labrador tik til sölu. Ættbókarfærð hjá HRFÍ og örmerkt. Uppl. í síma 861 2606.

Kirkjustarf

Hvítasunnukirkjan
Salem: Barnastarf fyrir 6-9 ára börn föstudögum kl:17:00-18:30
Samkoma á sunnudaginn kl:16:30

bb.is



Halldór Hermannsson og Jóhannes Ragnarsson.

JR aftur kominn í vídeóbransann

Myndbandaleigan JR-Vídeo var opnuð á Ísafirði á laugardag. Jóhannes Ragnarsson, sem á árum áður rak myndbandaleigu með sama nafni á Ísafirði, festi kaup á þrotabúi myndbandaleigunnar og verslunarinnar Frummyndar, sem var úrskurðuð gjaldþrota fyrir í mánuðinum, og verður myndbandaleigan í sama húsnæði og Frummynd var í.

Jóhannes hætti rekstri JR-Vídeo haustið 1997 eftir að leigan hafði verið starfrækt í rúman áratug. Fyrsti viðskiptavinur Jóhannesar, Halldór Hermannsson, kom færandi hendi með blóm-vönd frá beitningarliðinu á Norðurljósum. Verður því enn á ný hægt að leigja mynddiska og -bönd á tveimur stöðum á Ísafirði.

— thelma@bb.is

Tvö ráðin til Háskólaseturs Vestfjarða

Ráðnir hafa verið þjónustu- og kennslustjóri og vefstjóri til Háskólaseturs Vestfjarða. Þjónustu- og kennslustjóri verður Martha Lilja Marthensdóttir Olsen. Martha er að ljúka MA-námi í fjarnámi frá Bifröst og hefur áður verið í námi við Háskóla Íslands. Vefstjóri verður Haraldur Kristinsson tölvunarfræðingur.

Haraldur þykir vera með breiðan bakgrunn í námi og starfi sem fellur vel að starfs-umhverfinu. Alls bárust átta

umsóknir um stöðuna. Hinn nýráðni vefstjóri hefur þegar tekið til starfa, en þjónustu- og kennslustjóri er væntanlegur til starfa um áramót.

Þess má geta að um þessar mundir er verið að flytja fyrirtækið Ísfang í nýuppgjerða álmu í Vestrahúsinu, rífa vegg í efri hæð hússins og sníða það að þörfum Háskólaseturs og Fræðslumiðstöðvar. Stefnir er að því að stofnanirnar tver geti tekið nýja húsnæðið í notkun í janúar á næsta ári.

— halfdan@bb.is

Söfnun til kaupa á sneið-myndataeki gengur vel

Söfnun til kaupa á sneið-myndataeki á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði hefur farið vel af stað, en hafist var handa í september að safna fyrir tækinu sem mun valda miklu hagræði, ekki eingöngu fyrir starfsfólk sjúkrahússins heldur enn frekar fyrir sjúklinga sem þurfa ekki lengur að taka sér

frí frá vinnu til að komast í rannsóknir sem þessar syðra. „Það eru komnar þrjár milljónir af þeim ellefu sem þarf til að kaupa tækið. Talan tvöfaldaðist með þessu flotta hagræði, ekki eingöngu fyrir starfsfólk sjúkrahússins heldur enn frekar fyrir sjúklinga sem þurfa ekki lengur að taka sér

unarinna og vísar þar til 1,5 milljóna króna framlags HG sem afhent var við opnun sýningar á sögu Gunnvarar á dögnum.

„Við erum núna að fara að leita til fyrirtækja og í framtíðinni til einstaklinga“, segir Sigríður.

— halfdan@bb.is

Tvö fjarvinnslustörf Sjóvá – Almennra á Ísafirði flytjast til Akureyrar

Starfsfólki hefur verið fækkað í útibúi Sjóvá – Almennra á Ísafirði og hafa störf tveggja, sem jafngilda 1,8 stöðugildi, verið flutt í starfsstöð fyrirtækisins á Akureyri. Starfsfólkið vann við endurgreiðslur og inn-skráningu í fjarvinnslu. Aðspurð um ástæður þessa segir Steinunn Hlíf Sigurðardóttir markaðsstjóri Sjóvá – Almennra að tilfærsla starfanna sé liður í endurskipulagningu

á starfsemi fyrirtækisins. „Meðal annarra liða má nefna sameiningu útibúa í Hafnarfirði og í Kringlunni og lokun útibús á Sauðárkróki“, segir Steinunn. Hún segir að hagræðing skapist af því að „sameina miðlægt ákveðna þætti starfseminnar“, eins og hún kemst að orði. Steinunn vill þó taka fram að þjónusta fyrirtækisins við Vestfirðinga muni síst minnka vegna þessa. „Við höfum samið við Spari-

sjóð Vestfirðinga um að þar verði boðið upp á vátryggingaþjónustu og erum þannig í raun að auka við þjónustuna fyrir vestan.“

Eftir fækkun þessara starfa standa eftir 3,5 stöðugildi sem sinnt er af fjórum starfsmönnum Sjóvá – Almennra á Ísafirði. Aðspurð sagði Steinunn Hlíf Sigurðardóttir að engri frekari breytinga væri að vænta á rekstri fyrirtækisins á Ísafirði.

Námskeið fyrir verðandi veiðimenn og skotvopnaleyfishafa

Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir umsækjendur um skotvopnaleyfi og undirbúningsnámskeið fyrir hæfnispróf veiðimanna.

Staðsetning:	Ísafjörður
Skotvopn bótlegr:	22.-23. sept kl 18.00-22.00
Skotvopn verulegr:	24. sept kl 9.00 - fram yfir háð.
Veiðikortanámskeið:	26. sept kl 18.00

Veiðikortanámskeiðið kostar kr. 7.000,- og skotvopnánámskeiðið kr. 18.000,-.

Skráning hjá Veiðistjórnunarsviði í síma 460 7900.

Nánari upplýsingar á ust.is

UST Umhverfisstofnun

Kennslugögn eru send til þátttakenda eftir greiðslu námskeiðsgjalds sem þarf að greiðast viku fyrir námskeiði. Ennþemur þurfa þátttakendur að skila inn sakavottorði og læknisvottorði, sérstaklega útgefnu vegna skotvopnánámskeiða til lögreglu minnst viku fyrir námskeiðin. Við skráningu í síma 4607900 þarf að geta upp kennitölur tveggja meðmælenda vegna skotvopnánámskeiða

STAKKUR SKRIFAR

Umræða á villigötum!

Stakkur hefur rífað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Það eru ótvíræðir hagsmunir Vestfirðinga að flugsamgöngur við höfuðborg Íslands séu góðar. Fjarlægðin er of mikil til þess að hægt sé að treysta á bíla og vegi. Í Reykjavík er miðstöð stjórnsýslunnar hérlendis. Alþingi situr í höfuðborginni og þar er Hæstiréttur, æðsti dómstóll ríkisins. Reykvíkingar skilja þessa staðreynd engan veginn. Fleira kemur til. Nýlega voru niðurstöður samkeppni um hátækni sjúkrahús í Reykjavík kynntar. Því er ætlað að þjóna landsmönnum öllum. Hvernig á að koma sjúklingum utan af landi til Reykjavíkur ef enginn er flugvöllurinn?

Það virðast gleymdir hagsmunir Reykvíkinga að höfuðborg þjóni landsmönnum öllum. Óþægindi eru fylgífiskur þjónustuskyldu höfuðborgar við alla íbúa Íslands. Samið hefur verið um tilvist Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni til ársins 2024 og ástæðulaust er að breyta því. Hvað hefur breyst frá því samningar borgarstjóra og samgönguráðherra voru undirritaðir?

Ofríki borgarstjórnar Reykjavíkurlistans ríður ekki við einteyming. Flugvöllurinn skal burt óháð samningum og loforðum. Hvernig á að koma sjúkum og særðum á nýja hátækni sjúkrahúsið? Með því að byggja nýjan flugvöll upp í Mosfellssveit? Hve lengi fær hann að vera í friði? Hugmyndin um flugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði er afleit. Staðhæfing um að hvergi séu flugvellir í borgum dettur um sjálfa sig sé lítið á kort af London. London

City Airport er stutt frá miðborginni. Ekki er þar stöðug umræða um að flytja flugvöllinn burt, þrátt fyrir hryðjuverkaógn og reyndar mikla umferð. Það gleymist að milli 400 og 500 manns hafa atvinnu tengda flugvöllinum í Reykjavík.

Umræðan um hvað skuli taka við er mjög ómarkviss. Yfirgnæfandi líkur eru á því að eina skynsamlega lausnin þegar Reykjavíkurflugvelli verður lokað fyrir umferð 2024 sé sú að flytja flugstarfsemina til Keflavíkurflugvallar. Búast má við að hluti núverandi starfsemi leggist af. Innanlandsflug mun dragast verulega saman. Lítil skynsemi er fölginn í því, að byggja flugvöll í Mosfellssveit all nokkru yfir sjávarmáli.

Burtséð frá töpuðum störfum og skertri þjónustu við þá er sækja til Reykjavíkur vegna samskipta við ríkisvaldið er eitt mikilvægt atriði óleyst. Það er sjúkraflyg til nýs hátækni sjúkrahúss. Hvernig á að leysa það? Með þyrlopalli? Gott og vel. Þá þarf nokkrar þýrlur. Þær kosta meira og eru vandmeðfarnari en venjulegar flugvélar. Þessari spurningu er ósvarað og reyndar virðist henni ýtt til hliðar.

Þeim er mörgum ósvarað spurningunum varðandi þau kaflaskil sem verða þegar Reykjavíkurflugvöllur verður lagður af. Mættum við fá að heyra svör af munni þeirra sem ætla að stjórna sveitarfélaginu Reykjavík.

Tíðisín gilda frá fimstudegi 13. okt. til sunnudags 16. okt. 2005

Skynsemin velur Bónus!

TRÖNUR

Trönur hefur verið notað til margra verka og hefur verið notað í mörgum öðrum tilgangum. Trönur er ein af bestu matavæðingunum og er hún einn af bestu matavæðingunum sem er til á markaði. Trönur er einn af bestu matavæðingunum sem er til á markaði.

Trönur hefur verið notað í mörgum öðrum tilgangum. Trönur er einn af bestu matavæðingunum og er hún einn af bestu matavæðingunum sem er til á markaði. Trönur er einn af bestu matavæðingunum sem er til á markaði.

Trönur hefur verið notað í mörgum öðrum tilgangum. Trönur er einn af bestu matavæðingunum og er hún einn af bestu matavæðingunum sem er til á markaði. Trönur er einn af bestu matavæðingunum sem er til á markaði.



FERSKUR BÓNUS TRÖNUR



SALT FISK SPORÐAR



Nýtt kortatímabil!



www.bonus.is

MARKET
MARKET

KÍLOVERÐ

mannlíf

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
12. október, 287. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1918 gaus Katla eftir 58 ára hlé.

Pennan dag árið 1949 fór fyrsta bifreiðin um veginn frá Ísafirði til Bolungarvíkur (Óshlíðarveg) og opnaðist þar með leiðin milli þessara staða. Ökumaður var Sigurður Bjarnason, alþingismaður en meðal farþega voru Einar Guðfinnsson og Hannibal Valdimarsson.

Pennan dag árið 1962 var kvikmyndin 79 af stöðinni frumsýnd í Háskólabíói og Austurbæjarbíói. Hún var gerð eftir skáldsögu Indriða G. Þorsteinssonar. Aðal-leikarar voru Gunnar Eyjólfsson og Kristbjörg Kjeld.

Pennan dag árið 1985 veiddist stærsta vatnabileikja sem veiðst hafði hér á landi, 22 pund og 87,5 cm löng.

Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 38 árum



Bjargað frá drukknun

Fjórum börnum á aldrinum 4-8 ára var í gær bjargað frá drukknun í höfninni á Skagaströnd, þegar lítill fleki, sem þau voru að leika sér á sökk. Tveir piltar, 15-16 ára, sáu börnin fara í sjóinn og settu þeir strax bát á flot og tókst að bjarga þeim. Voru þrjú þeirra þá meðvitundarlaus.

Óhappið varð laust eftir hádegi í gær, að sögn Björgvins Brynjólfssonar á Skagaströnd en hann varð vitni að björguninni. Börnin voru að leika í fjörunni og höfðu sett lítinn fleka á flot. Léku þau sér að því, að stjaka sér áfram í fjöruborðinu. Austan strekkingur var, og fyrr en varði hafði flekann rekið um 20 metra frá landi. Piltarnir, Frits Bjarnason og Rúnar Kristjánsson sáu til ferða barnanna. Settu þeir bát á flot til að ná í þau, en í sömu mund sökk flekinn, sem þau voru á. Taldi Björgvin að það hefði orðið börnunum til lífs að þeir voru búnir að setja bátinn á flot áður en óhappið varð.

● Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Fremur hæg austlæg eða breytileg átt og dálítill slydda eða él, einkum þó sunnanlands. Hiti kringum frostmark.

Horfur á föstudag:

Gengur í hvassa austanátt með slyddu, en síðar rigning og hlýnar í veðri.

Horfur á laugardag og sunnudag:

Ákveðin suðaustanátt og rigning, en úrkomulítið norðaustanlands. Fremur hlýtt.

● Spurning vikunnar

Hvernig vetri býst þú við?

Alls svöruðu 466. – Övenju snjópungum sögðu 185 eða 40% – Övenju snjóléttum sögðu 60 eða 13% – Í meðallagi sögðu 221 eða 47%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Sr. Baldur Vilhelmsson í Vatnsfirði

Fagnar allri vegagerð um Mjóafjörð


„Hér í Vatnsfirði hefur verið tiltölulega rólegt og of rólegt að mínum dómi en í sumar var talsverð umferð af fólki hér um. Fólkið kom hingað til að skoða kirkjuna eða hitta mig að máli. Sumir hafa komið og keypt svið sem sviðin eru af ungum mönnum í sveitinni. Mannlífið er þó fremur dauft og

mikil breyting frá því að ég kom hingað um vorið 1956 þegar allt var í blóma.

Ég fagna því að fá veg yfir Mjóafjörð sem stytir leiðina frá Ísafirði til Hólmavíkur. Menn mældu mikið í sumar og verður brúin að Vatnsfjarðarósi færð neðar. Hugsanlega leggst þá af vegurinn út fyrir nesið, en

mér list vel á alla vegagerð.

Hér hafa verið kirkjulegar athafnir og m.a. ein gifting sem er nokkuð nýstárlegt því ekki hefur verið gifting hér lengi. Áltírnar komu á vatnið fyrir nokkru síðan og það er öruggt merki um að haustið sé gengið í garð,“ sagði sr. Baldur Vilhelms-son í Vatnsfirði.



Hvert fórst þú í sumarfríinu?

Sumarið er tíminn sem fólk notar gjarnan til ferðalaga. Hvort sem það er innanlands eða út fyrir landsteinana eru ferðalög oft það sem stendur upp úr þegar lítið er um öxl yfir liðið sumar. Bæjarins besta grennslaðist fyrir um hvert nokkrir Vestfirðingar fóru í sumar, hvað þeir gerðu í fríinu, hvert förrinni er heitið næst og hver draumaferðin þeirra sé.

Ítölsk stór- stjarna á diskóteki

Birgir Þór Halldórsson, ljós- myndari og vefforritari er enn á ferðalagi.

„Í sumar fór ég til Ítalíu, Írlands og Finnlands. Þar gekk ég um og teknar myndir og svo var drukinn bjór.

Á Ítalíu fékk ég að kynna því þegar stórstjarna birtist á diskóteki. Allir þyrptust í kringum þennan ítalska fola og voru alveg ofan í honum næsta klukkutímann. Það var merkilegt fyrir íslending að sjá það þar sem við kippum okkur ekki mikið upp við að sjá stjörnur. Einnig var mjög gaman að fara til Finnlands, landið var mjög grænt og fall-egt.

Ég var á Spáni og er á leið til Indlands núna í október. Það verður löng ferð og ég ætla að ferðast um landið. Það er erfitt að halda sig heima þegar maður er á annað borð byrjaður að ferðast.

Mér finnst mjög spennandi að fara til Indlands og svo bara um allan heiminn.“

Heimahagarnir skoðaðir

Einar Pétursson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar ferðaðist bæði til útland og um heimalandið

„Ég fór til Algarve á Portúgal og dvaldi þar íhálfán mánuðinn. Þar var ljómandi gott að vera og ferðin var fín afslöppun. Einnig fórum við fjölskyldan í útlegu á Vestfirðum. Við heimsóttum m.a. Reykjanes, Dynjandafoss og Flókalund. Skoðuðum heimahagana.

Ferð okkar um Vestfirði stóð upp úr. Við fórum vikuna fyrir Verslunarmannahelgi og

fengum frábært veður. Það er ekki hægt að hugsa sér það betra.

Ég hef ekkert verið að huga að því hvert förrinni. Það verður bara látið ráðast þegar nær dregur.

Við erum að vonast til að geta eytt löngum tíma í Fljóta- vík á Hornströndum næsta sumar. Fjölskylda konunnar minnar á þar bústað og að dvelja þar er besta afslöppun sem ég get fengið. Það er draumurinn.“

Ætlar að ferðast um á mótorhjóli í Evrópu

Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ hyggur á mótorhjólafærð með Má Óskarssyni eiginmanni sínum.

„Við Már og Ísabella yngri dóttir okkar fórum með vina- fólki til Danmerkur þar sem við vorum í sumarhúsi í tvær vikur. Seinni vikuna kom Svanlaug eldri dóttir okkar með litlu Bryndísi með sér og var í sumarhúsinu hjá okkur. Við Már höfum áður farið í svona frí til Danmerkur og ver- ið í sumarhúsi sem Fylkir.is sér um. Svo flugum við Már og Ísabella til Prag og tókum þar bílaleigubíl og keyrðum um Slóvakíu með vinum okkar sem eru slóvakískir.

„Við ferðuðumst um landið með vinum okkar á milli þess sem við lágum í leti og borðuð- um góðan mat. Það er svo fínt að vera „ude paa landet“ í Danaveldi. Við ferðuðumst einnig á bílaleigubíl um Slóva- kíu eftir að hafa borðað góðan mat og notið menningarlífsins í Prag látlaut í þrjá daga. Við gistum á mörgum stöðum og getum mælt með þeim öllum.

Það var gaman að hitta ís- firska vini okkar sem búa í Hanstholm í Danmörku, þau voru með okkur í sumarhú- sinu. Slóvakía er mjög fallett land, tígnarleg fjöll og hávax- inn trjágróður. Fólkið þar er mjög vinalegt og maturinn un- aðslegur.

Ég þori nú varla að segja frá því. Við Már ætlum að ferðast á mótorhjóli um Evrópu. Við fórum með Norrænu til Dan- merkur og hjólum svo af stað eftir því sem vindurinn blæs. Draumaferðin er til Indlands



Birgir Þór Halldórsson.



Einar Pétursson.



Bryndís Friðgeirsdóttir.



Ingibjörg M. Guðmundsd.



Frá Prag í Tékklandi.

en ég held að Indlandsdraum- urinn verði dálítið aftarlega í forgangs röðinni enda er mikil- vægt að eiga drauma og það er allt í lagi þó þeir rætist seint, stundum er það bara betra, þeir lifa þá lengur.“

Draumaferðin göngu- ferð um óbyggðir

Ingibjörg María Guðmunds- dóttir forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarð- arþæjar fór meðal annars í kaj- akferð í Jökulfirði.

„Einn staður og ein ferð standa upp úr eftir sumarið. Ég fór sem endranær í „sveit- ina“ sem er sveitabær móður minnar Mýrartunga í Reyk-

hólasveit. Þar eyddi ég mörg- um góðum dögum. Einnig fór ég í mjög skemmtilega kajak- ferð í Jökulfirði með félögum úr Sæfara.

Ein vika á sumri fer í að gróðursetja plöntur í skóg- ræktarreit fjölskyldunnar í sveitinni. Þar fyrir utan er góð- um tíma á hverju sumri varið í afslöppun í sveitinni, án gemesasambands.

Kajakferðin stóð upp úr. Þetta var mín fyrsta langferð á kajak og þó hún hafi á stundum verið strembin þegar ég vildi helsta taka land af ýmsum ástæðum en gat ekki, þá var hún einstaklega skemmtileg og mikil reynsla.

Félagarnir í Sæfara leggja mikið upp úr að ferð sem þessi sé jákvæð og skemmtileg fyrir alla og það tókst hvað mig varðar.

Næsta sumar eins og undan- farin ár mun ég væntanlega fara á Hornstrandir, Jökulfirði eða líkar slóðir. Annað hvort gangandi með bakpoka eða siglandi á kajak. Þetta eru skemmtilegustu ferðir sem ég fer í. Þar er nálægð við náttúr- una, friðsæld og áreynsla, allt í senn. Maður kemur endur- nærður úr þessum ferðum.

Draumaferðin mín er gönguferð um óbyggðir með skemmtilegum ferðafélögum þar sem kynnst er sögu svæðis- ins og rölt um fornar slóðir. Þannig vil ég kynna uppruna mínum og sögu.“

Mótorhjólaferð um Suður-Ameríku

„Ég á mér tvær draumaferðir. Annars vegar er afslöppunarferð til Maldíveyja í Indlandshafi og hins vegar er mótahjólaferð um Suður-Ameríku. Mig hefur í frekar langan tíma dreymt um þessar ferðir. Það er eitthvað við þær sem heillar mig. Það er aldrei að vita að maður eigi eftir að láta



verða af því að fara í þessar ferðir en það er þó ekkert í bígerð. Maður lætur sig bara dreyma. Ég væri til í að fara með fjölskyldunni til Maldíveyja en mótahjólaferðin væri frekar til að fara með félögumum,” sagði Tumi Þór Jóhannsson, tölvunarfræðingur á Ísafirði í samtali við blaðið.



Tilraun?

Hafliði Magnússon á Bíldudal, rithöfundur, myndlistarmaður, sjómaður og margt fleira, var eitt sinn að lóna á bíl sínum eftir götu á Bíldudal. Skyndilega skaust kona út á götuna og var nærri lent fyrir bílnum. Þúsundþjalasmiðurinn hemlaði og sveigði til hliðar en konan hljóp í sömu átt. Þá beygði Hafliði á hinn veginn en þá var konan á flóttu þangað. Loks stöðvaðist bifreiðin.

Hafliði sté út úr bílnum og vildi afsaka sig og sagði: Héristu að ég ætlaði á þig? Konan hreytti út úr sér: Það færðu aldrei!

Allt í föstum skorðum

Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði hefur starfað í 20 ár og hefur nú fylgt Hjallastefnunni svokölluðu á þriðja ár. Jóna Lind Karlsdóttir leikskólustjóri segir að kynin séu það ólík að þörf sé á mismunandi áherslum á leiknám þeirra. Stelpurnar hafi meiri þörf á kjarkæfingum til að efla sjálfs-traust og strákarirnir þurfi að læra um samkennd og mynda betri tengsl. Þrem elstu árgöngunum er skipt niður svo að stelpur eru í öðrum hluta leikskólans og strákar í hinum. Yngstu börnin eru áfram á blandaðri deild.

„Með þessu móti getum við komið betur til móts við þarfir barnanna því að strákar eru ekki eins og stelpur og ólík menning gildir hjá kynjunum. Eftir að kynjaskiptingin komst á eru allir að skilja mun betur út á hvað leikurinn gengur og því er minna um árekstra. Sem dæmi má taka að strákarirnir eru mun meira í hasarleikjum.

Börnunum er skipt niður í þrjá aldurshópa þannig að 3 ára gamlir drengir eru í einum hóp, 4 ára í öðrum og svo 5 ára í einum hóp. Hver hópur hefur fastan kennara sem fylgir honum öll árin. Það veitir ekki einungis meiri festu og öryggi fyrir börnin heldur einnig foreldrana. Þeir geta því gengið að því visu að þessi kennari viti nákvæmlega hvernig dag-



Jóna Lind ásamt nokkrum ungum stúlkum af Eyrarskjóli

urinn var hjá barninu. Þeir þurfa því ekki að leita út um allan leikskóla að þeim upp-lysingum. Einnig auðveldar þetta starfsfólkinu vinnuna. Hver einbeittir sér bara að sín-um hóp. Þannig verður enginn út undan eins og oft vill verða í stærri hópum er þau sem eru hægari um sig gleymast.

Stelpurnar eru vinahópur jafnaldra sinna í strákahópnum. Kynin hittast því reglulega á jafnréttisgrundvelli og vinna saman að verkefnum sem hent-ar fyrir þau bæði. Hjallastefnan hefur reynst okkur mjög vel. Dagskipulagið er alltaf eins og reglurnar eru fáar en mjög skýrar. Allt er í

föstum skorðum og börn vilja hafa reglu. Þau vilja vita hvar mörkin liggja.

Við erum ekki með nein leikföng nema trékubba og annað sem kallar fram sköpunargáfu barnanna. Við sjáum það glögglega að þau verða miklu færari að gera hlutina sjálf þegar þau fá ekki allt

tilbúið upp í hendurnar.

Hjallastefnan hentar okkur mjög vel og við erum mjög ánægð hér á Eyrarskjóli“, segir Jóna Lind Karlsdóttir, leikskólustjóri. Eyrarskjól er elsti leikskólinn á Ísafirði. Þess má geta að Grænigarður á Flateyri fylgir einnig Hjalla-stefnunni.

Veikust fyrir eldgömlum dægurperlum

„Ég get nú ekki sagt að ég sé alæta á tónlist, en ég hef gaman af alls konar tónlist, ef hún er vel samín og vel flutt. Stundum finnst mér raunar tónlistaráreiði í umhverfinu yfirþyrmandi og þá vil ég bara hafa þögn. Hvað léttari músík varðar er ég veikust fyrir eldgömlum dægurperlum sem margar eru orðnar klassíkerar. Annars hlusta ég mest á 20. aldar tónlist, þó að gömlu meistararnir standi auðvitað alltaf fyrir sínu. Það er erfitt að velja tíu lög og ef vel ætti að vera hefði ég þurft að hafa þau að minnsta kosti hundrad. En hér kemur listinn eins og mér finnst hann ætti að vera á þessum fagra haust-degi.“

1. Folk Songs – Luciano Berio

Þessi dýrðlega skemmtilega þjóðlagasyrpa er einstök upplifun í flutningi Cathy Berberian sem var ein stórkostlegasta söngkona 20. aldar, algjör galdrakerling.

2. Gling Gló – Björk og Trío Guðmundar Ingólfssonar

Erfitt að velja eitt lag af þessari frábæru plötu: *Ástar-töfrar, Litli tónlistarmaðurinn, Það sést ekki sætari mey. Tondeleyo* eru allt lög sem koma manni í gott skap með morgunkaffinu.

3. Sveitin milli sanda – Magnús Blöndal Jóhannsson

Ellý Vilhjálmss er ein af

mínum uppáhaldssöngkonum og engin flytur þessa fallegu vokalísu betur en hún.

4. Jónas Tómasson: Píandósónata

Í flutningi Önnu Áslaugar systur minnar. Fékk þetta verk á fyrsta brúðkaupsafmælinu okkar Jónasar og það hefur verið í miklu uppáhaldi hjá mér síðan.

5. Turangalila-sinfónían. – 5. þáttur Joie du sang des étoiles. („Gleði yfir blóði stjarnanna”) – Olivier Messiaen

Trylltur dans um ást og gleði, líf og dauða.

6. Söngur Sólveigar (úr Péttri Gaut) – Hjálmar H. Ragnarsson.

Yndislegt lag, sem mér finnst hljóma fegurst í flutningi þeirra Dísu og Þórunnar.

7. Söngurinn til mánans – Antonín Dvorák

Þessi dásamlega aría úr þjóðaróperu Tékkna *Rúsölku* fjallar um örvæntingarfulla ást skógardísarinnar Rúsölku á mennskum prins.

8. Totus tuus – Henryk Gorecki

Kraftur og mýkt sameinast í þessu einfalda kórverki, stórkostlegum óð til Maríu guðsmóður.

9. Strengjakvintett í C-dúr, D 956 – 2. þáttur Adagio – Franz Schubert

Svona tónlist er áreiðanlega



Sigríður Ragnarsdóttir. leikin í himnaríki. Eintóm heiðríkja!

10. 4'33" – John Cage

Til að minna á þögnina, sem alltaf verður sjaldgæfari og dýrmætari í okkar tryllta heimi.

Stuttar fréttir Bæjarstjórn lýsir yfir þungum áhyggjum vegna hás gengis

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á fimmtudag lagði Birna Lárusdóttir forseti fram drög að bókun um stöðu atvinnuveganna á Íslandi og lýsir bæjarstjórn yfir þungum áhyggjum sínum.

„Raungengi krónunnar er í sögulegu hámarki. Stór hluti fyrirtækja í útflutningsgreinum hefur ekki rekstrar-grundvöll við þessar aðstæður. Mjög þrengir að fyrirtækjum í sjávarútvegi og sýnir það sig í lokun fyrirtækja víða um land að undanförmu, sérstaklega í rækjuvinnslu. Þensla á höfuðborgarsvæðinu hefur meiri áhrif á og viðheldur enn frekar háu gengi en aðrir þættir efnahagslífsins. Hækkun fasteignaverðs vegna aukinna lánamögu-leika og 90% lána og innstreymi erlends fjármagns í skuldabréfum vegna hárra vaxta á Íslandi hefur sömu áhrif. Útlit er fyrir að Seðlabanki Íslands boði hærri vexti og hærri gengi til lengri tíma en áður var talið. Áhrifin eru aukin innstreymi fjármagns í hagkerfið með þeim þensluáhrifum sem fylgja. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur að ekki verði gengið lengra í því að hækka vexti og þrengja að útflutningsgreinum í landinu sem þola ekki mikið lengra tímabil með þeirri gengisskráningu sem nú viðgengst.“

Mikið hefur verið rætt um hátt gengi síðastliðnar vikur í kjölfar þess að Frosti lagði af rækjuvinnslu sína í landi og tveimur skipum, Framnesi og Andey, var lagt auk þess sem annar útflutningsiðnaður hefur mátt berjast í bökkum. Meðal annars sagði Elías Oddsson, framkvæmdastjóri Miðfells, fyrir skemmstu að gengistap Miðfells næmi tvöföldum launakostnaði fyrirtækisins. – *eirikur@bb.is*



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Vefang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu



PÓSTURINN

allur pakkinn



Fjölmenni var við opnunina.

HG veitir alls þremur milljónum króna í styrki

Hraðfrystihúsið – Gunnvör veitti styrkjum til ýmissa verðugra málefna á opnun sýningar sem haldin er í tilefni af hálftrar aldrar afmæli útgerðarfélagsins Gunnvarar sem fyrir nokkrum árum sameinaðist Hraðfrystihúsinu í

Hnífsdal.

Alls var þremur milljónum króna veitt í styrki. Stærsti styrkurinn, að upphæð 1,5 milljónir króna, fór til kaupa á sneiðmyndateki á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Þá fékk Björgunarfélag Ísafjarðar

hálf milljón króna, og söfnun fyrir altaristöflu í Ísafjarðarkirkju, Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar, flygilsjóður Tónlistarskóla Ísafjarðar og Safnahúsið fengu hver um sig 250 þúsund krónur.

Sýning á sögu Gunnvarar

verður opin næstu vikur á opnunartíma Safnahússins, þ.e.a.s. á virkum dögum frá klukkan 13-19 og á laugardögum frá klukkan 13-16.

– halfdan@bb.is



Margir sýndu tilþrif í mótinu.

Sýslumannsembættið á Ísafirði sigraði á bocciamóti Ívars

Lið sýslumannsembættisins á Ísafirði fór með sigur af hólmi í opna fyrirtækjamótinu í boccia sem fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudag. Meðþáttaka var á mótið en 40 lið mættu til leiks. Íþróttafélagið Ívar, íþróttafélag fatlaðra á Ísafirði og í nágrenni, stóð fyrir mótinu sem er fjórða bocciamótið sem félagið hefur.

„Mótið gekk rosalega vel og við erum mjög ánægð með hversu vel það heppnaðist. Um 150 manns voru í húsinu þegar mest var en keppendur voru 80 talsins. Þá vil ég

koma þakklæti mínu á framfæri til allra þeirra sem aðstoðuðu okkur með því að taka að sér dómgæslustörf“, segir Harpa Björnsdóttir formaður íþróttafélagsins Ívars.

Til úrslita kepptu sýslumannsembættið og eitt þriggja liða Bókhleðunnar-Pennans sem bar nafnið Old boys, en lið sýslumannsins sigraði eins og áður sagði. Þátttökugjald verður notað til að senda íþróttafólk Ívars á Íslandsmót í sundi og boccia.

– thelma@bb.is

Vetrarríki á Ísafirði

Éljagangur setti strik í reikninginn hjá mörgum Ísfirðingum og nærsveitumönnum í upphafi vikunnar. Ekki var mikið um ófærð innanbæjar, en fjallvegir á Vestfjörðum urðu þung- eða ófærir og mikið annríki var hjá starfsmönnum Hjólbardaverkstæðis Ísafjarðar sem strax á mánudag voru búnir að ráðstafa tíma sínum fram undir helgi. Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér settist veturinn að á Silfurtorgi á mánudag og þegar þetta er ritað sýnir hann ekkert fararsnið.

halfdan@bb.is

